



Íþróttabandalag Akraness



Ársskýrsla 2009

66. ársþing - 15. apríl 2010



Guðlaug Sverrisdóttir,
ritari



Ellert Ingvarsson,
varaformaður



Sturlaugur Sturlaugsson,
formaður




Halldór Fr. Jónsson,
gjaldkeri



Margrét Ákadóttir,
meðstjóri



Brandur Sigurjónsson,
varamaður



Jón Þór Þórðarson,
starfsmaður



Hildur Karen
Aðalsteinsdóttir,
varamaður



Guðmundur Sigurðsson,
Keilufélag
Akraness



Laufey Sigurðardóttir,
Badmintonfélag
Akraness



Snorri Elmarsson,
Körfuknattleiksfélag
Akraness



Ágústa Andréddóttir,
Karatefélag
Akraness



Viktor Elvar Viktorsson,
Golfklúbburinn
Leynir



Anna Bjarnadóttir,
Ungmennafélagið
Skipaskagi



Ólöf Samúelsdóttir,
Hestamannafélagið
Dreyri



Gunnar H. Kristinsson,
Sundfélag
Akraness



Sigrún Ríkharðsdóttir,
Knattspyrnufélag ÍA



Steindóra Steinsdóttir,
Blakfélagið Bresi



Sævar Haukdal,
Fimleikafélag
Akraness



Ólöf Guðmundsdóttir,
Þjótur
Akraness



Jón S. Ólason,
Skotfélag
Akraness



Márus Línal Hjartarson,
Vélhjólaiþróttafélag
Akraness



Sigurður Bjarnason,
Hnefaleikafélag
Akraness

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2009

Framkvæmdastjórn ÍA árið 2009 skipuðu:

Sturlaugur Sturlaugsson formaður
Ellert Ingvarsson varaformaður
Halldór Fr. Jónsson gjaldkeri
Guðlaug Sverrisdóttir ritari
Margrét Ákadóttir meðstjórnandi
Varamenn í stjórn
Brandur Sigurjónsson
Hildur Karen Aðalsteinsdóttir

Formenn aðildarfélag ÍA árið 2009 voru:

Laufey Sigurðardóttir formaður Badmintonfélags ÍA
Steindóra S. Steinsdóttir formaður Blakfélagsins Bresa
Sævar Haukdal formaður Fimleikafélags Akraness
Viktor Elvar Viktorsson formaður Golfklúbbsins Leynis
Ólöf Samúelsdóttir, form. Hestamannafélagsins. Dreyra
Sigurður H. Bjarnason, form. Hnefaleikafélags Akraness
Ólöf Guðmundsdóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts
Ágústa Andrésdóttir formaður Karatefélags Akraness
Guðmundur Sigurðsson formaður Keilufélags Akraness
Sigrún Ríkhardsdóttir formaður Knattspyrnufélags ÍA
Snorri Elmarsson form. Körfuknattleiksfélags Akraness
Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga
Jón S. Ólason formaður Skotfélags Akraness
Gunnar H. Kristinsson formaður Sundfélags Akraness
Márus Línal Hjärtarson form. Vélhjólaiþróttafélags Akraness

Íþróttamaður ársins 2009 á Akranesi

Valdís Þóra Jónsdóttir var kjörin íþróttamaður Akraness fyrir árið 2009. Valdís Þóra varð Íslandsmeistari kvenna í golfi í Grafarholti í sumar og er hún fyrsta konan frá Akranesi til að vinna þennan titil. Hún varð í 11. sæti einstaklinga af 108 keppendum á Evrópumóti áhugamanna í Slóveníu. Þar lék hún einnig með landsliði Íslands sem lenti í 16. sæti. Önnur í kjörinu varð Inga Elín Cryer, Sundfélagi Akraness, en hún átti mjög góðu gengi að fagna á árinu. Karitas Ósk Ólafsdóttir frá Badmintonfélagi Akraness varð þriðja.

Á árinu 2009 eignuðumst við alls 57 Íslandsmeistara í 10 íþróttagreinum. Eftirtaldir íþróttamenn voru tilnefndir af sínum félögum til kjörsins:

Badmintonmaður ársins: Karitas Ósk Ólafsdóttir
Fimleikamaður ársins: Karen Sól Sævarsdóttir
Hestaíþróttamaður ársins: Jakob S. Sigurðsson
Íþróttamaður Þjóts: Andri Jónsson
Kylfingur ársins: Valdís Þóra Jónsdóttir
Karateamaður ársins: Aðalheiður Rósa Harðardóttir
Keilumaður ársins: Skúli Freyr Sigurðsson
Knattspyrnumaður ársins: Heimir Einarsson

Körfuknattleiksmaður ársins: Hörður Kristján Nikulásson

Skotmaður ársins: Guðmundur Sigurðsson

Sundmaður ársins: Inga Elín Cryer

Styrkir veittir úr Minningarsjóði

Guðmundar Sveinbjörnssonar

Í ár voru veittir styrkir úr Minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar. Minningarsjóðurinn er stofnaður af Íþróttabandalagi Akraness í virðingar- og þakklætisskyni fyrir hin veigamiklu störf Guðmundar í þágu Íþróttabandalags Akraness og íþrótt- og menningarmála á Akranesi. Guðmundur Sveinbjörnsson var formaður ÍA frá 1951 til 1963 og svo aftur frá 1965 til 1971. Styrki má veita efnilegum íþróttamönnum til náms. Einnig má styrkja íþróttþjálfara, sem sýnt hafa sérstakan áhuga í starfi til náms í íþróttþjálfun, og aðra þá sem vinna að æskulýðs- og bindindisstörfum í bænum.

Stjórn Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar ákvað að veita styrki úr sjóðnum sem nemur kr. 335.000 og hlutu eftirfarandi íþróttafólk og þjálfarar styrki að þessu sinni:

Valdís Þóra Jónsdóttir, golf. Styrkur vegna ýmissa afreksverkefna samtals kr. 100.000.-

Karitas Ósk Ólafsdóttir, badminton. Styrkur vegna þátttöku á EM á Englandi og HM í Kína samtals kr. 80.000.-

Aðalheiður Rósa Harðardóttir, karate, Styrkur vegna þátttöku á NM í karate samtals kr. 40.000.-

Skúli Freyr Sigurðsson, keila, Styrkur vegna þátttöku á EM unglinga samtals kr. 40.000.-

Inga Elín Cryer, sund. Styrkur vegna þeirra landsliðsverkefna sem hún hefur tekið þátt í á árinu samtals kr. 40.000.-

Þjálfarastyrkir vegna heimsóknar til knattspyrnuliðsins Heerenveen.

- Þórður Þórðarson 25.000
- Jón Þór Hauksson 25.000
- Lúðvík Gunnarsson 25.000

Ingólfur Eðvarðsson fékk einnig 40 þús. króna styrk úr sjóðnum vegna þátttöku fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í stærðfræði sem fram fóru í Bremen í Þýskalandi

Íþróttabandalag Akraness vann að því ásamt Akraneskaupstað að finna flöt á því að efla þennan sjóð enn frekar í ljósi samþykktar bæjarstjórnar um að leggja fram kr. 1 milljón í afrekssjóð. Settur var á fót starfshópur sem skilaði í lok ársins drögum að nýrri reglugerð og úthlutunarreglum sem eru nú til frekari skoðunar.

Styrkir Akraneskaupstaðar til íþróttar- og tómstundastarfs

Bæjarstjórn Akraness samþykkti í upphafi árs aukin fjárframlög til íþróttar- og æskulýðsstarfs. Fyrst ber þar að nefna Ávísun á öflugt tómstundastarf sem var kr. 20.000 árið 2009. Með þessari hækkun vildi bæjarstjórn styðja við íþróttar- og tómstundastarf barna og ungmenna. Ávísunin gildi fyrir börn og ungmenni fædd árið 1991 til 2002. Akraneskaupstaður afhenti einnig styrki til 17 íþróttar- og tómstundafélaga í bænum, alls að upphæð 14 milljónir króna. Í ljósi stöðunnar í þjóðfélaginu voru styrkirnir hækkaðir um 4 milljónir króna umfram það sem gert var ráð fyrir í samningi. Þessir styrkir koma sér vel fyrir félögin og erum við bænum afar þakklát fyrir þennan stuðning og viðurkenningu á okkar starfi.

Endurnýjaður leigu- og rekstrarsamningur um líkamsræktarstarfsemi Íþróttabandalags Akraness

Í byrjun september endurnýjuðu ÍA og Akraneskaupstaður leigu- og rekstrarsamning um rekstur líkamsræktar ÍA. Samningurinn nær til líkamsræktarstarfsemi Íþróttabandalagsins í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum og Íþróttahúsinu við Vesturgötu. Hann er til tveggja ára og er byggður á fyrri samningi sem undirritaður var árið 2003. Íþróttabandalag Akraness hefur á annan áratug boðið upp á líkamsræktaraðstöðu fyrir sitt íþróttafólk og aðra þá sem áhuga hafa á að stunda reglubundna líkamsrækt. Það er eitt af hlutverkum ÍA að stuðla að almennri heilsurækt á Akranesi og hefur aðsókn almennings sem betur fer verið ört vaxandi.

Reksturinn hefur þróast í gegnum árin en Íþróttabandalagið hefur reynt að gera sitt besta í takt við m.a. húsnæðisaðstæður og lágmarksgjaldtöku. Íþróttabandalag Akraness á um 400 m² af húsakynnum Íþróttamiðstöðvarinnar á Jaðarsbökkum sem að hluta nýtist undir líkamsræktaraðstöðuna sem rekinn er af bandalaginu. Öll líkamsræktartækin eru eign Íþróttabandalagsins en við leigjum húsnæði af Akraneskaupstað fyrir fleiri m.kr. á ári sem aftur nýtist bænum upp í fastan kostnað sinn, rekstrarháttan liggur því öll hjá bandalaginu. Ávinningur Íþróttabandalagsins af

þessum rekstri hefur farið í endurnýjun og viðhald tækja og beinan og óbeinan stuðning við aðildarfélög ÍA.

Við horfum bjartsýnum augum á áframhaldandi starfsemi, samstarf Akraneskaupstaðar og ÍA hefur ávallt verið farsælt. Við fögnum jafnframt áhuga annarra að byggja upp frekari líkamsræktaraðstöðu hér á Skaga sem vonandi leiðir til aukinnar þátttöku almennings í heilsurækt, þá er tilganginum náð.

Fjármál ÍA

Heildartekjur aðildarfélaganna ÍA árið 2009 voru rúmlega 154,5 m.kr. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 17 m.kr. Samtals eru því tekjur íþróttahreyfingarinnar um 171,5 m.kr. Tæplega 16 m.kr. hagnaður var af eiginlegum rekstri aðildarfélaganna. Hagnaður Íþróttabandalagsins var um 4,5 m.kr. Eignir íþróttahreyfingarinnar eru um 171 m.kr. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 46,5 m.kr, þar af er fasteignamatsverð í Íþróttamiðstöðinni um 21,5 m.kr.

Gengið til heilbrigðis – Kvennahlaup ÍSÍ

Í sumar stóð Íþróttabandalagið fyrir 5 gönguferðum á Akrafjall undir yfirskriftinni “ Gengið til heilbrigðis “ ásamt því að farin var hinn árlega Jónsmessuganga.

21. maí:	Kalmannsvík / Innstavgosnes
30. maí:	Gengið inn með Berjadalsá
4. júní:	Akrafjall / Pyttar
13. júní:	Akrafjall / Háihnúkur
24. júní:	Jónsmessuganga á Háahnúk
02. júlí:	Gengið inn fjöruna hjá Hólmi

Markmiðið var að skapa vettvang fyrir því að fara á fjallið í skemmtilegum félagsskap og gefa þeim sem ekkert þekkja til fjallsins tækifæri til að kynnst fjallinu með markvissum hætti og undir leiðsögn. Umsjónarmenn með göngunum voru Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir og Jón Þór Þórðarson og voru á milli 10 – 20 þátttakendur í hverri göngu. Mestur var fjöldinn í Jónsmessugöngunni þar sem yfir 120 manns skráðu sig í gestabókina það kvöld.

Kvennahlaups ÍSÍ fór fram í 20. sinn laugardaginn 20. júní og sá ÍA um framkvæmd þess á Akranesi. Hlaupið var frá Dvalarheimilinu Höfða og sá Valdís Þóra Jónsdóttir íþróttamaður Akraness um að ræsa hlaupið. Hlaupin var um 2,7 km leið sem endaði í Garðalundi þar sem þátttakendur fengu verðlaunapening og boðið var upp á ávexti og Egils Kristal. Alls tóku um 300 konur þátt í hlaupinu á Akranesi.

Námskeið og fræðsla

Í byrjun maí var Sigurður Ragnar Eyjólfsson íþróttasálfræðingur og landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu með fyrirlestur er nefndist „Hvað þarf til að ná árangri? – Hugarfar sigurvegarans“ og fjallaði um afreksíþróttafólk í íþróttum og hvað þarf til þess að ná árangri. Góð aðsókn var á fyrirlesturinn sem var mjög athyglisverður.



Íþróttabandalag Akraness hefur mikinn hug á að efla námskeiðahald og fræðslu til sinna aðildarfélaga í nánustu framtíð.

Íþróttabandalagið tekur virkan þátt í ýmsum verkefnum sem miða að bættri heilsu og forvörnum. Við gerum átaksverkefnum ÍSÍ “Lífshlaupið” og “Hjólað í vinnuna” góð skil á heimasíðu ÍA og hvetjum sem flesta til að taka þátt. Þrátt fyrir að bein þátta Skagamanna í þeim vinnustaðaleikjum sem þessum verkefnum sé misjafnlega góð. Það má greinilega merkja að Skagamenn eru sífellt duglegri að nýta umhverfi bæjarins til að fara út að skokka, ganga eða hjóla. Innritunardagur íþrótt- og tómstundafélaganna er jafnan haldin í upphafi skólaársins í lok ágúst. Eins leggjum við okkar af mörkum í “Forvarnardeginum” sem er í lok september ár hvert.

Íþróttþing ÍSÍ

69. Íþróttþingi ÍSÍ fór fram 17. og 18. apríl og var vel sótt. Fulltrúar ÍA á þinginu voru Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA og Jón Þór Þórðarson íþróttafulltrúi ÍA. Þingnefndir störfuðu fram eftir föstudagskvöldinu og voru umræður líflegar og málefnalegar. Samþykktar tillögur eru aðgengilegar á heimasíðu ÍSÍ. Ólafur E. Rafnsson var endurkjörinn forseti ÍSÍ með dynjandi lófaklappi.

Vel heppnað Landsmót & Unglingalandsmót UMFÍ

Landsmót UMFÍ fór fram á Akureyri 9. – 12. júlí og tókst með afbrigðum vel. Einungs 3 þátttakendur tóku þátt undir merkjum ÍA, Guðmundur Sigurðsson, Birkir Óskarsson og Laufey Gísladóttir kepptu í skotfimi. Einnig keppti Leifur Guðni Grétarsson í sundi undir merkjum Umf. Skipaskaga og varð hann landsmótsmeistari í sinni grein. Af einhverjum örsökum hefur ekki skapast mikil stemming á meðal aðildarfélaga ÍA um að taka þátt á Landsmótum UMFÍ. Þetta er eitthvað sem við verðum að taka til nánari skoðunar og sjá hvort ekki sé hægt að glæða áhuga og bæta þátttöku.

Um Verslunarmannahelgina fór fram Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki. Þar mættu að sjálfsögðu nokkrar hressar Skagafjölskyldur og áttu saman góða helgi. Að þessu sinni kepptu um 10 keppendur á mótinu undir merkjum ÍA og Skipaskaga í golfi, sundi, frjálsum íþróttum og fótbolta. Þó að tilgangur mótsins sé ekki að vinna til verðlauna heldur að vera með þá stóð okkar fólk sig frábærlega og komu heim með marga verðlaunapeninga. Mótið er frábær vettvangur fyrir fjölskyldufólk um þessa miklu ferðahelgi og er mikið um að vera bæði fyrir keppendur, foreldra og yngri systkini en keppendur eru á aldrinum 11 til 18 ára.

Árið 2010 fer Unglingalandsmótið fram í Borgarnesi og því ætti Skagamönnum ekki að vera skota skuld úr því að fjölmenna á mótið. Eins hefur því verið kastað fram að Akranes kanni möguleikann á því að halda Unglingalandsmót í framtíðinni. Við höfum alla burði til þess að hald slíkt mót. Aðstaðan er að miklu leiti til staðar og eins hafa mörg af aðildarfélögunum mikla reynslu af því að halda stór íþróttamót.

Ný íþróttafélög

Í ágúst 2009 var stofnuð glímudeild innan Umf. Skipaskaga. Aðal hvatamaður að stofnun deildarinnar er Lárus Kjartansson glímukappi og kennari við Brekkubæjarskóla. Hann hefur séð um æfingarnar og alls hafa 40 ungmenni komið og prófað glímuna en staldrað við mislengi. Félagið hefur verið iðið við að taka þátt í glímumótum og unnið til verðlauna.

Þann 24. nóvember var Kraftlyftingafélag Akraness formlega stofnað. Stofnfundur Kraftlyftingafélags Akraness var haldinn í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum og eru stofnfélagar yfir 40 karlar og konur. Félagið hefur þegar sótt um aðild að ÍA og Kraftlyftinganefnd ÍSÍ. Fyrsti formaður var kosinn Hermann Hermannsson, aðrir í stjórn eru Heimir Björgvinsson og Kári Rafn Karlsson. Framundan er vinna við að byggja upp öflugt félag og bæta aðstöðu til æfinga. Íþróttabandalag Akraness óskar áhugafólki um kraftlyftingar til hamingju með nýstofnað félag og fagnar tilkomu þeirra í þá fjölbreyttu íþróttafloiru sem er á Akranesi.

Ljósmyndasýningin Íþróttir á Akranesi í 100 ár

Ljósmyndasýningin Íþróttir í 100 ár á vegum Haraldar Sturlaugssonar og Friðþjófs Helgasonar var opnuð föstudaginn 4. desember á fyrstu hæð í suðurhluta Stjórnsýsluhússins að Stílholti 16-18, Akranesi. Hressir keppnismenn fæddir 1916 og 1917 opnuðu sýninguna formlega með dyggri aðstoð fyrsta methafa af Akranesi í frjálsum íþróttum frá árinu 1945 og Helga Dan sem á mikið efni á sýningunni. „Efnt er til sýningarinnar í virðingarskyni við þá sem rutt hafa brautina og haldið íþróttakynslin á lofti og látið enga fyrirhöfn verða of mikla til að ná settu marki“ eins og sagði í tilkynningu frá þeim félögum. Það er afskaplega ánægjulegt, í raun einstakt og virðingarvert af þeim Haraldi Sturlaugssyni og Friðþjófi Helgasyni að bjóða upp á ljósmyndasýningu sem sýnir brot úr sögu íþróttar á Akranesi í 100 ár. Sömuleiðis er ómetanlegt að Helgi Danielsson skuli hafa safnað saman ljósmyndum af mikilvægum íþróttaviðburðum í gegnum íþróttasöguna og skráð söguna jafnhliða, íþróttasögu sem er við það að glatast. Sem betur fer eru Haraldur, Friðþjófur og Helgi miklir áhugamenn um mikilvægi sögunnar og þeir framkvæma nú það sem margir hafa talað um að koma í verk. Mikil þolinmæðisvinna og kostnaður er að baki sem íþróttahreyfingin á Akranesi fær nú að njóta. Íþróttabandalag Akraness þakkar fyrir frumkvæðið að því að varðveita íþróttasögu okkar Skagamanna og þakkar öllum þeim sem lagt hafa sýningunni efni til að fylla upp í söguna. Íþróttabandalagið fær þann heiður að varðveita gögn sýningarinnar á vef bandalagsins og í undirbúningi er að útbúa aðstöðu fyrir sýninguna í húsakynnum Íþróttamiðstöðvarinnar á Jaðarsbökkum.

Íþróttastarfið

Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir hversu ótrúlega fjölbreytt íþróttalífið er á Akranesi. Í þessu 6.500 manna bæjarfélagi eru stundaðar 18 íþróttagreinir og iðkendur eru rúmlega 2000 sem um 200 manna sjálfboðalið rekur daglega. Aðildarfélög eru nú 15 talsins og eitt nýtt á leiðinni þar sem



Kraftlyftingafélag Akraness er að ljúka sínu umsóknarferli. Mikill metnaður einkennir íþróttastarfið og árangurinn er oftast en ekki eftirtektaverður. Aðildarfélög ÍA hafa sýnt mikla ábyrgð í sínum fjármálum. Þau eru flest skuldlítill og skiluðu góðri rekstrarafkomu á árinu. Æfingagjöld hækkuðu lítið sem ekkert á milli ára og almennt hefur iðkun aukist. Það má til sanns vegar færa að þarna hafi stærstu sigirnir unnist þrátt fyrir erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu.

Golfklúbbnum Leyni var í lok árs veitt viðurkenningin *Fyrirmyndarfélag ÍSÍ* í tengslum við barna- og unglingastarf sitt. Íslandsmeistaratitill Valdísar Þóru Jónsdóttur var án efa einn af hápunktum ársins. Sundfólkið okkar er að ná frábærum árangri þrátt fyrir að búa oft við mjög svo erfiðar aðstæður og er markið sett hátt. Badmintonfélag Akraness heldur að vanda úti öfluglu starfi og með fjölda iðkenda. Félagið á marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins. Karatefélag Akraness er í fremstu röð. Karatekonan Aðalheiður Rósa Harðardóttir er ná mjög svo athyglisverðum árangri í sinni íþróttagrein og er í landsliðsklassa. Knattspyrnufélag ÍA er í öflugri og metnaðarfullri uppbyggingu og hefur mikil vinna verið lögð í stefnumótun. Gerðar hafa verið skipulagsbreytingar hjá KFÍA sem hefur eftir barna-/unglinga-/meistaraflokksstarfið og aukið jafnrétti enn frekar sem klárlega á eftir að skila félaginu aftur í fremstu röð bæði í karla- og kvennaflokki. Fimleikafélagið er í mikilli sókn og ætlar sér stóra hluti í framtíðinni. Í lok mars stóð FIMA fyrir glæsilegri fimleikasýningu í Íþróttahúsinu við Vesturgötu. Körfuknattleiksfélag Akraness varð deildarmeistari í 2. deild á árinu og vann sig upp í 1. deild. Blakfélagið Bresi var sömuleiðis með lið í 2. deild kvenna og hafnaði í 3. sæti í sínum riðli. Innan Hestamannafélagsins Dreyra eru margir frambærilegir knapar og félagið er að byggja upp öflugt æskulýðsstarf. Íþróttafélagið Þjótur hélt úti sínu hefðbundna starfi, en félagið stendur traustum fótum og á góða að. Hjá Ungmennafélaginu Skipaskaga kom glíman sterkt inn á

árinu og er góð viðbót í starfi félagsins. Mikil gróska er hjá Skotfélagi Akraness og félagið hefur unnið til fjölda verðlauna í keppni með loftskammbyssu. Svipaða sögu er að segja hjá Keilufélagi Akraness sem heldur uppi heiðri landsbyggðarinnar í þeirri íþróttagrein. Vélhjólaíþróttafélag Akraness er jafnt og þetta að byggja upp sitt starf. Félagið stendur ár hvert fyrir Langasandskeppninni í motocrossi og er það mjög svo athyglisverður íþróttaviðburður. Góð aðsókn er á æfingar Hnefaleikafélags Akraness þrátt fyrir mjög svo framandlegar æfingaaðstæður.

Lokaorð

Samningur Íþróttabandalagsins við Akraneskaupstað frá árinu 2005 um rekstur og samskipti þeirra á milli rann út núna um áramótin. Nú er í gangi vinna þar sem mat er lagt á hvernig til tókst og hvaða áherslur skuli lagt upp með í nýjum samningi. Almennt eru samskipti ÍA við Akraneskaupstað mjög góð. Báðum aðilum er mikið í mun að íþróttastarf á Akranesi verði áfram þróttmikið, æsku og öðrum íbúum bæjarins til heilla. Aðstöðumál brenna þungt á aðildarfélögum ÍA nú um stundir. Breyting á opnunartíma íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar á haustmánuðum þar sem opnunartími var stytur um 1 klst. á virkum dögum og 2 klst. um helgar þrengdi töluvert að íþróttafélögum. Flest ef ekki öll félögin eru í þörf fyrir bætta aðstöðu og eru að leita leiða til lausnar. Íþróttabandalagið vinnur nú að úttekt á aðstöðumálum íþróttafélaganna og kemur það til með að vera innlegg í viðræður við Akraneskaupstað um nýjan íþróttasamning.

Íþróttabandalag Akraness þakkar öllum sjálfbodaliðum og starfsmönnum íþróttahreyfingarinnar fyrir ánægjulegt og fórnfúst starf. Við þökkum sömuleiðis öllum velunnurum íþróttahreyfingarinnar á Akranesi og víðar fyrir ómetanlegan stuðning. Horfum bjartsýn til framtíðar og leggjum okkur fram um að starfa áfram af metnaði og þrótti.

Íslands- og/eða bikarmeistarar ÍA 2009

Badminton

Alda Karen Jónsdóttir
Egill G. Guðlaugsson
Írena Rut Jónsdóttir
Steinn Þorkelsson

Fimleikar

Ástrós Líf Rúnarsdóttir
Elínborg Llorens Þórðardóttir
Harpa Rós Bjarkardóttir

Frjálíþróttir

Andri Jónsson
Jófríður Ísdís Skaftadóttir

Glíma

Arnór Már Grímsson
Jófríður Ísdís Skaftadóttir

Golf

Valdís Þóra Jónsdóttir

Deildarmeistarar í 2. deild

Bryndís Rósa Jónsdóttir.
Elín Rós Sveinsdóttir
Guðrún Ellen Ólafsdóttir
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Sigurbjörg Halldórsdóttir
Valdís Þóra Jónsdóttir

Karate

Aðalheiður Rósa Harðardóttir
Dagný Björk Egilsdóttir.
Valgerður Jóhannsdóttir

Keila

Elvar K. Ólafsson
Magnús Sigurjón Guðmundsson
Skúli Freyr Sigurðsson
Steinunn Inga Guðmundsdóttir

Körfubolti

Deildarmeistarar í 2. deild

Áskell Jónsson
Birkir Guðjónsson
Brynjar Sigurðsson
Dagur Þórisson
Guðjón Smári Guðmundsson
Hörður Kristján Nikulásson
Jón Þór Þórðarson
Magnús Karl Gylfason
Martin Petersen
Ómar Helgason
Sigurður Rúnar Sigurðsson
Snorri Elmarsson
Trausti Jónsson

Skotfimi

Berglind Björgvinsdóttir
Jóhanna Heiður Gestsdóttir
Jón Arnar Sigurþórsson
Laufey Gísladóttir
Ómar Jónsson
Skúli Freyr Sigurðsson
Steinunn Inga Guðmundsdóttir

Sund

Birgir Viktor Hannesson
Hrafn Traustason
Inga Elín Cryer
Jón Þór Hallgrímsson
Salome Jónsdóttir

Garpasund

Bjarney Guðbjörnsdóttir
Gunnar H. Kristinsson
Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
Lára Dóra Valdimarsdóttir
Ragnheiður Runólfssdóttir
Sigurlaug Karen Guðmundsdóttir
Sturlaugur Sturlaugsson
Vignir Barkarson

Landsmótsmeistari

Leifur Guðni Grétarsson



65. ársþing ÍA haldið 2. apríl 2009 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

Þingsetning

Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hann lagði til að Ellert Ingvarsson yrði þingforseti og að Guðlaug Sverrisdóttir tæki að sér að vera fundarritari, var það samþykkt einróma. Ellert þakkaði traustið og vonaðist eftir að þingið yrði gott og starfsamt, hann sagðist hafa gengið úr skugga um að löglega hafi verið boðað til þingsins, hann fór síðan yfir dagskrá þingsins og kallaði eftir kjörbréfum.

Kjörbréfanefnd

Þingforseti las upp tillögu um fulltrúa í Kjörbréfanefnd þau: Hörð Jóhannesson, Viktor Viktorsson og Laufeyju Sigurðardóttur. Ekki komu fram fleiri tillögur og það þingforseti Hörð að fara fyrir nefndinni og að hún tæki strax til starfa. Nefndin starfaði hratt og örugglega og gerði Hörður Jóhannesson formaður kjörbréfanefndar grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 13 félögum af 15 aðildarfélögum ÍA, mættir voru 32 þingfulltrúar af 57. Mættir voru fulltrúar frá Badmintonfélagi Akraness, Blakfélaginu Bresa, Golfklúbbum Leyni, Hestamannafélaginu Dreyra, Íþróttafélaginu Þjóti, Karatefélagi Akraness, Keilufélagi Akraness, Knattspyrnufélagi ÍA, Sundfélagi Akraness, Ungmennafélaginu Skipaskaga og Vélhjólaiþróttafélagi Akraness. Hörður sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og lagði til að þau yrðu samþykkt. Voru þau samþykkt samhljóða.

Skýrsla framkvæmdarstjórnar ÍA

Þingforseti gaf Sturlaugi Sturlaugssyni orðið til að flytja skýrslu framkvæmdarstjórnar ÍA. Í ræðu sinni fór Sturlaugur yfir starfsemi Íþróttabandalagsins á árinu 2008 og stiklaði á stóru í því fjölbreytta íþróttastarfi sem fram fer innan ÍA.

Hann nefndi sérstaklega að Kynslóðaleikurinn í knattspyrnu hefði verið skemmtilegur viðburður. Hann styrkti í sessi þá ríku knattspyrnuhefð sem er á Akranesi og undirstrikaði hversu samofin hún er menningu og mannlífi á Skaganum.

Sturlaugur gerð grein fyrir Prekstarfseminni. Rekstur þreksalarins er ein helsta tekjulind Íþróttabandalagsins og að það þurfi að skoða vel hvernig hægt er að bæta þá aðstöðu miðað við aukna aðsókn og auknar kröfur.

Hann kom einnig inná fjármál ÍA og að þau væru í nokkuð góðu jafnvægi. Í raun var hreyfingin í heild vel yfir núllinu áður en tekið er tillit til fjármagnsliða. Því miður gerði hrún á fjármálamörkuðum það af verkum að vaxtagjöld hækkuðu verulega og því varð tap á rekstri Íþróttahreyfingarinnar í heild sinni. Hann þakkaði Akraneskaupstað fyrir aukin fjárframlög til barna- og unglingastarfs.

Sturlaugur kom inná mikilvægi þess að haldin var fundur með öllum aðildarfélögum ÍA þar sem farið var yfir stöðu

mála í kjölfar kreppunnar. Sem betur fer hefði ekki borið á miklu brottfalli iðkenda ennþá, en fundarmenn voru sammála um það að vandamálin gætu komið fram seinna. Allra leiða yrði leitað þannig að sem minnst röskun yrði á barna- og unglingastarfinu.

Því miður væru aðstæður þannig að seinkun er á framkvæmdum í aðstöðumálum íþróttafélaganna. Sýna þyrfti þolinmæði og skilning á ástandinu. Mikilvægt væri þá að efla innvið starfsins og skerpa liðsandann. Bætt upplýsingaflæði, betra skipulag, aukin mannleg samskipti og jákvæð skilaboð þurfa ekki að kosta neina peninga.

Að lokum þakkaði Sturlaugur öllum þeim sem komið hafa beint og óbeint að uppbyggingu og starfi íþróttahreyfingarinnar á Akranesi.

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ

Því næst gaf þingforseti Ólafi Rafnssyni forseta ÍSÍ orðið. Ólafur bar ÍA kveðju frá framkvæmdastjórn ÍSÍ. Hann óskaði okkur til hamingju með gott starf og greinargóða skýrslu. Einnig hrósaði hann Sturlaugi fyrir góða og uppbyggilega ræðu. Ólafur rifjaði upp að hann ætti mörg skyldmenn í Akranesi og héðan ætti hann góðar minningar. Skemmtilegt hefði verið að vera viðstaddur Kynslóðaleikinn í knattspyrnu. Akranes státaði af merkri íþróttahefð, hér væru stundaðar margar íþróttagreinar og héðan kæmu ólympíufarar og íþróttamenn ársins. Bæjarbúar gerðu sér grein fyrir að íþróttahreyfingin væri mikilvægur þáttur í að byggja upp gott samfélag. Nú um stundir væri mikilvægt að gildi íþróttakæmust vel til skila meðal barna og unglinga. Starf stjórnenda og aðsjálfboðaliðar er ekki sjálfgefið og hvetja þarf þá til dáða. Vonaðist hann eftir að þingið yrði málefnalegt þing. Það væri hinn sanni vettvangur til að skiptast á skoðunum og komast að lýðræðislegri niðurstöðu. Óskaði hann ÍA velfarnaðar og þakkaði fyrir.

Þingforseti þakkaði Ólafi fyrir hlý orð í okkar garð.

Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar

Þingforseti gaf Gunnari Sigurðssyni, forseta bæjarstjórnar orðið. Gunnar bar fyrir kveðju frá bæjarstjórn Akraness og þakkaði fyrir gott starf. Hann kom inná að gaman væri að sjá þá miklu breidd sem væri í starfinu og þær nýjungar sem fram hefðu komið. Gunnar kvaðst vera stoltur yfir því að Akraneskaupstaður skyldi auka styrki til barna- og unglingastarfs. Vonaðist hann einnig eftir að ÍA og bærinn myndu ná saman um að mynda öflugan afrekssjóð. Því miður hefði bærinn þurft að halda að sér höndum varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja. En ráðist yrði í framkvæmdir um leið og það rofaði til. Hann þakkaði fyrir og óskaði ÍA velfarnaðar.

Ársreikningar ÍA

Næst gaf þingforseti ÍA, Jóni Þór Þórðarsyni, íþróttafulltrúa ÍA orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA, Jón Þór gerði grein fyrir ársreikningum íþróttabandalagsins fyrir árið 2008 og skýrði þar út helstu liði. Hann fór einnig yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2009 og gerði grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar.

Þingforseti þakkaði Jóni Þór fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs undir þessum lið og bar þingforseti því ársskýrslu og ársreikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Skattur til ÍA

Þingforseti gat þess að ÍA hefði ekki rukkað aðildarfélög sín um neinn skatt undanfarin ár og lagði til að svo yrði áfram. Tilaga þess efnis að skattur til ÍA yrði áfram 0 var samþykkt samhljóða.

Ný aðildarfélög í ÍA

Þingforseti kynnti þinginu að Hnefaleikafélag Akraness sem sótti um aðild að ÍA á síðasta ársþingi hefði farið í gegnum umsóknarferlið og fengið samþykki að hálfu ÍSÍ. Þingforseti lagði fram þá tillögu að Hnefaleikafélag Akraness fengi staðfesta aðild að ÍA og var hún samþykkt samhljóða.

Kosning framkvæmdarstjórnar ÍA

Þá var komið að því að kjósa í framkvæmdastjórn ÍA. Þingforseti las upp tillögu til formanns og varaformanns þau Sturlaug Sturlaugsson og Ellert Ingvarsson, sú tillaga var samþykkt með lófaklappi. Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn: Guðlaug Sverrisdóttir, Halldór Fr. Jónsson og Margréti Ákadóttir. Tillaga að varamönnum þau: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Brandur Sigurjónsson. Þessar tillögur voru einnig samþykktar einróma.

Tillaga um félagskjörna skoðunarmenn þá: Andrés Ólafsson og Bergþór Guðmundsson, þeir voru samþykktir einróma. Tilnefning fulltrúa á ÍSÍ þing var vísað til framkvæmdastjórnar ÍA. Tillaga um stjórn Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar þau: Sturlaugur Sturlaugsson, Kristján Sveinsson og Rósa Halldórsdóttir, þessi tilaga var samþykkt einróma.

Önnur mál

Sigrún Ríkharðsdóttir formaður Knattspyrnufélags ÍA kvað sér hljóðs. Sigrúnu vildi enn og aftur leggja áherslu á mikilvægi þess að efla Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar, halda honum betur á lofti og gera hann sýnilegri. Vonaðist hún eftir að á næsta ári kæmi fram að innkoma væri af sölu minningarkorta.

Sturlaugur tók undir orð Sigrúnar um mikilvægi þess að efla sjóðinn. Sjóðurinn væri því miður ekki nægjanlega stór til að hægt væri að úthluta úr honum með myndarlegum hætti. Nú þegar lægju fyrir umsóknir um stuðning og væntanlega yrði úthlutað úr sjóðnum bráðlega



Guðmundur Páll Jónsson, bæjarfulltrúi, sagðist eiga sæti í litavalsnefndinni, þar væru ræddar hugmyndir varðandi samræmdar merkingar á íþróttamannvirkjum bæjarins. Í þeim hugmyndum væri gengið útfrá því að íþróttahreyfingin væri ein af stöðum bæjarins. Guðmundur þakkaði Sturlaugi fyrir mjög svo góða ræðu og sagði að innan bæjarráðsins væri samstaða um að efla starfið.

Hörður Jóhannesson rekstrarstjóri íþróttamannvirkjanna steig í pontu og sagðist ekki alveg skilja þessa lausn. Taldi hann að verkefnið ætti að snúast um að velja samræmt útlit á íþróttamannvirkni, ekki samræmdar merkingar á mannvirki með mismunandi útlit. Vildi hann bara hnykkja á þessu.

Staða mála innan ÍA og það sem framundan er

Síðasti liður á dagskránni var að forsvarmenn aðildarfélaga voru með stutta kynningu á stöðu mála innan síns félags og það sem framundan væri í starfi félaganna. Til máls tóku: Heimir Fannar Gunnlaugsson, Golfklúbbnum Leyni, Laufey Sigurðardóttir, Badmintonfélagi Akraness, Jónína Magnúsdóttir, Keilufélagi Akraness, Ólöf Samúelsdóttir, Hestamannafélaginu Dreyra., Óskar Arnórsson, Skotfélagi Akraness, Mírus Línal Hjärtarson, Vélhjólaiþróttafélagi Akraness, Anna Bjarnadóttir, Ungmennafélaginu Skipaskaga, Magnús Bára Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Þjóti, Gunnar H. Kristinsson, Sundfélagi Akraness, Margrét B. Ólafsdóttir, Fimleikafélagi Akraness, Sigrún Ríkharðs, Knattspyrnufélagi ÍA, Þórður Guðjónsson, Knattspyrnufélagi ÍA.

Þingslit

Þingforseti þakkaði fyrir þetta innlegg frá félögum og fól að lokum Sturlaugi Sturlaugssyni að slíta þinginu. Sturlaugur þakkaði fyrir góða kosningu. Sagði hann hollt að hlusta á það sem er í gangi í öðrum félögum, fá yfirsýn yfir starfið og læra af öðrum. Sturlaugur þakkaði Ellerti fyrir þingforsetastörfin og Jóni Þóri fyrir samantektina í ársskýrslu ÍA. Óskaði hann öllum aðildarfélögum velfarnaðar og hvatti þau til að láta vita ef það er eitthvað sem framkvæmdastjórnin gæti orðið að liði með. Að lokum þakkaði Sturlaugur fyrir gott þing og sleit 65. ársþingi ÍA.

Ársskýrslur aðildarfélaganna

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum 19. mars 2009. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Laufey Sigurðardóttir var kosinn áfram sem formaður. Aðrir í stjórn voru kosnir Kristín Halldórsdóttir gjaldkeri, Írena Jónsdóttir ritari, Guðlaugur Gunnarsson og Anna Kristjánsdóttir.

Þrjár tillögur að lagabreytingum voru samþykktar;

Í grein 2.1 verði fyrsta málsgrein “Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. apríl ár hvert og skal auglýstur með minnst einnar viku fyrirvara” Að grein 2.2 verði “Rétt til setu á aðalfundi hafa allir félagar í BA en félagar í BA eru skuldlausir iðkendur félagsins, forráðamenn þeirra og meðlimir í stjórn félagsins og hafa þeir einnig atkvæðisrétt.” Grein 2.6. verði „Hægt er að sanna atkvæðisrétt fundarmanna með saman-burði við kjörna stjórn og greidd æfingagjöld hjá félaginu“.

Iðkendur á tímabilinu voru um 100 talsins sem skiptust í 4 flokka eins og undanfarin ár, auk trimmara. Þetta árið voru allir flokkar með passlegan fjölda iðkenda miðað við húsnæði. Mikil fjölgun hefur orðið í hópi trimmara sem er mjög ánægjulegt eftir mikið átak undanfarin ár. Aðalþjálfari 1. flokks var Broddi Kristjánsson. Aðalþjálfari 2,3 og 4 flokks var Helgi Magnússon og aðstoðarþjálfarar Írena Jónsdóttir, Eiríkur Bergmann Henn og Alexandra Ýr Stefánsdóttir. Almennt er mjög mikil ánægja hjá félaginu með þjálfaramálin.

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir fjórum opnum badmintonmótum en til viðbótar þeim þremur mótum sem

félagið heldur á hverju tímabili bættist við Íslandsmót Unglinga í byrjun mars 2010. Atlamótið var haldið í október 2009, þar sem keppt var í meistara-, A og B flokki fullorðinna. Grislinga-mótið í janúar 2010 og Landsbankamót ÍA, unglingamót í febrúar 2010. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig og árangur keppenda góður. Iðkendur okkar tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglinga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Góður árangur hefur náðst, krakkarnir hafa tekið miklum framförum og unnið til fjölda verðlauna á mótunum. Þá eru ávalt nokkrir iðkendur sem einungis vilja æfa og mikil áhersla er lögð á að það sé í lagi.

Stærsta badmintonmót ársins, Íslandsmót Unglinga, var haldið á Akranesi

5–7 mars s.l. Frá ÍA voru 33 keppendur, sem stóðu sig öll mjög vel og unnu til fjölda verðlauna. Við eignuðumst 1 Íslandsmeistara, Andra Snæ Axelsson, sem vann gull í einliðaleik snáða U 11 ára. Aðrir sem unnu til verðlauna voru; Í U11 vann Úlfheiður E. Ásgeirsd. Gull í aukaflökk, einliða snóta. Í 15 einliðaleik sveina, aukaflökk vann Konráð Freyr Sigurðsson gull. Í U17 vann Jóhannes Þorkelsson silfur í tvíliðaleik drengja ásamt Steini Þorkelssyni og silfur í tvenndarleik drengir/telpur ásamt Ivalu Birnu TBA. Í einliðaleik drengja, aukaflökk vann Steinn Þorkelsson gull og Marvin Þrastarson silfur. Í U19 vann Egill G. Guðlaugsson silfur í einliðaleik pilta og silfur í tvenndarleik piltar/stúlkur ásamt Karitas Evu Jónsdóttur. Í einliðaleik pilta, aukaflökk vann Ármann Steinar Gunnarsson silfur. Mótið gekk í alla staði mjög vel með frábærri aðstoð eldri iðkenda félagsins og foreldra en alls kepptu 227 á mótinu, frá 13 félögum og leiknir voru um 550 leikir.

Næsta stórmót er Meistaramót Íslands, 26 – 28 mars n.k. en þar munu allir elstu og bestu keppendur félagsins taka þátt. Síðasta mót ársins er Akranesmeistaramótið 25. apríl, sem líkur svo með lokahófi félagsins.

Eins og undanfarin ár átti félagið marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins. Í A-landsliðshópnum voru Karitas Ósk Ólafsdóttir, Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Una Harðardóttir, Kristján Huldar Aðalsteinsson og Ragnar Harðarson. Karitas Ósk var valin í A-landslið Íslands sem tók þátt í Evrópukeppni landsliða í Póllandi 16 - 21 febrúar 2010. Í U19 og U17 landsliðshóp voru Egill G. Guðlaugsson, Ármann Steinar Gunnarsson, Karitas Eva Jónsdóttir, Halldór Reynisson, Steinn Þorkelsson, Jóhannes Þorkelsson og Marvin Þrastarson. Egill var svo valinn í U19 ára landslið Íslands sem keppti á German Junior Open í mars 2010. Í U13 og U15 æfingaúrtakshóp voru Elvar Már Sturlaugsson, Alexander Örn Kárasón, Steinar Bragi Gunnarsson, Halldór Axel Axelsson, Konráð



Freyr Sigurðsson, Helgi Grétar Gunnarsson, Guðjón Snær Einarsson, Daníel Þór Heimisson, Tryggvi Björn Guðbjörnsson og Alexandra Ýr Stefánsdóttir.

Rekstur félagsins gekk vel. Auk æfingagjalda voru helstu fjáraflanir eldhús- og salernispappírssala og dagatal. Stuðningur Landsbanka Íslands á Akranesi, Akraneskaupstaðar og ÍA er mjög mikilvægur.

Blakfélagið Bresi

Starfsemi blakfélagsins Bresa var með líku sniði og undanfarin ár. Aðalfundur var haldin í apríl 2009 með hefðbundnu sniði í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum og var mæting frekar dræm. Skráðir félagar eru um 25.

Stjórn blakfélagsins Bresa er því þannig skipuð: Steindóra Steinsdóttir formaður, Jóna Björg Olsen ritari og Rósa Halldórsdóttir gjaldkeri. Endurskoðendur eru Hrefna Guðjónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

Rósa Halldórsdóttir hefur ákveðið að gefa ekki áfram kost á sér sem gjaldkeri. Ekki er vitað hver tekur við gjaldkerastarfinu í þessum rituðum orðum. Við þökkum Rósu fyrir vel unninn störf.

Æfingar

Æfingar hófust um mánaðarmótin ágúst/september að fullum krafti líkt og undanfarin ár og var æft bæði við vesturgötu og á Jaðarsbökkum. Æfingar eru á mánudögum kl:19:30 að vesturgötu og á fimmtudögum kl:20:00 að Jaðarsbökkum. Karlarnir hafa aðeins verið að láta sjá sig á fimmtudögum og er það von okkar að þeir haldi áfram.

Keppni

Bresi sendi eitt lið til leiks í 2. Deild Íslandsmótsins í blaki veturinn 2009-2010. Liðið endaði í neðsta sæti í sínum riðli.

Hraðmót.

Kvennalið Bresa tók þátt í 7 hraðmótum á árinu 2009.

Trimmmót HK	1 lið
Afmælistmót Aftureldingu	2 lið
Bresamót	1 lið
Kjörislmót Hamars	1 lið
Bestamót Fylkis	1 lið
Haustrmót BLÍ	1 lið
Blakmót Snæfells	1 lið

Öldungamót.

34. öldungamót BLÍ var haldið á Egilsstöðum og á Seyðisfirði. Gist var í gömlu en kósí einbýlishúsi á Seyðisfirði. Að þessu sinni sendi Bresi 2 kvennalið og var árangur eftirfarandi:

3. deild	3.sæti
4. deild	féllu niðri 5. deild

Bresamót.

Hið árlega Bresamót var haldið 7.mars og var þátttaka góð alls 24 kvennalið. Leikið var á 3 völlum eins og vanalega. Mótið gekk vel.

Steindóra Steinsdóttir

Fimleikafélag Akraness

Árið 2009 var ár breytinga hjá Fimleikafélags Akraness. Á síðasta aðalfundi var stjórn félagsins endurnýjuð að stærstum hluta og hana skipa Sævar Haukdal formaður, Hjörtur Hróðmarsson varaformaður, Pálmi Haraldsson gjaldkeri, Margrét Kristinsdóttir ritari og Margrét Ólafsdóttir meðstjórnanði. Fráfarandi stjórn skipuðu einstaklingar sem flestir hafa starfað fyrir hönd félagsins í mörg ár og eiga þau miklar þakkir skyldar fyrir þau störf.

Maren Ósk Elíasdóttir var ráðinn yfirþjálfari á miðju ári eftir að Anna G. Lárusdóttir lét af störfum sem yfirþjálfari og snéri sér að þjálfun yngri iðkenda félagsins.

Stjórn félagsins átti mikið verk fyrir höndum enda var fjárhagstaðan mjög slæm eftir 2,6 millj. kr. taprekstur ársins 2008. Fyrstu verk stjórnar var að hrinda í framkvæmd í fjölmörgum aðgerðum til bjargar fjárhagstöðu félagsins. Leitað var til Akraneskaupstaðar vegna stöðunnar og fékkst aukið rými í íþróttahúsinu sem gerði okkur mögulegt að fjölga iðkendum. Nýtt skipulag við þjálfun skapaði betri nýtingu þjálfara og rýmis. Laun þjálfara og iðgjöld iðkenda voru fryst. Almennu aðhald aukið m.a. fallið var frá sérstökum greiðslum til gjaldkera stjórnar og bókhaldið unnið af gjaldkera. Farið var í fjáröflunum félagsins fyrir jólin með sölu á smákökum og kertum. Samið var við tvo styrktaraðila sem komu að félaginu, Símann og Íslandsbanka. Undir lok ársins var skrifað undir styrktarsamning við Norðurál vegna áranna 2010 og 2011. Þessar aðgerðir ásamt ýmsu öðru skiluðu félaginu úr 2,6m



kr. halla ársins 2008 í ríflega 700 þús. kr. hagnað á árinu 2009.

Meðal annarra verkefna stjórnar má telja útgáfu „Handbók FIMA“ sem var ráðist í síðastliðið haust sem var ætlað að setja niður á blað hlutverk og skyldur félagsins, iðkenda og starfsfólks þess. Handbókin á að vera lifandi rit og á að þróast með félaginu til að stuðla að vönduðu og sífellt betra starfi.

Í fyrsta sinn í mörg ár voru engar fjöldatakmörkanir við haust innritun og jókst fjöldi iðkenda talsvert. Þessi aukning var möguleg með breyttu skipulagi þjálfunar, fjölgun hópa og auknum tímafjölda í íþróttahúsinu. Þess má geta að um fjörtíu 6 ára stúlkur hófu æfingar síðastliðið haust og ef þessi ásókn heldur áfram að vaxa mun félagið vaxa hratt og þurfa á auknum tímafjölda og þjálfurum að halda. Einnig var stofnaður iðkendahópur sem ætlaður var +18 ára sér til skemmtunar og voru iðkendur í upphafi ríflega tuttugu. Hópurinn æfði einu sinni í viku undir handleiðslu þjálfara en þegar leið á veturinn fór iðkenda fjöldinn að minnka og er líklegt að slík tilraun verði ekki endurtekin fyrr en aðstöðumál félagsins hafa verið bætt verulega.

Íþróttaskóli félagsins naut mikilla vinsælda líkt og undanfarin ár.

Félagið bauð uppá fimleika námskeið fyrir yngri hópa 6-7 ára og 8-9 ára síðastliðið sumar og var þátttakan mjög góð og fyrirhugað að endurtaka það á komandi sumri. FIMA átti þrjá keppnishópa um vorið 2009 sem kepptu þá í 2. flokki Evrópureglna og 3. og 4. flokk í landsreglum. Á haustmánuðum var keppnishópum fjölgað og keppt var í 1. og 2. flokk í Evrópureglum ásamt 3. flokk, tveimur hópum í 4. flokk og 5. flokk í landsreglum. Gengi FIMA á mótum var ágætt árið 2009 en hóparnir fengu m.a. eftirfarandi verðlaun á hóp fimleikamótum FSÍ árið 2009: Íslandsmót unglinga 2. fl. fékk 3. sæti fyrir samanlagðan árangur og 4. fl. 3. sætið fyrir stökk á trampólíni. Á Bikarmótinu hlaut 2. fl. 4. sætið fyrir samanlagðan árangur. Vormótið sem haldið var á Egilstöðum 16. Maí fengu 2. og 4. flokkur 3. sætið fyrir samanlagðan árangur. Miklar væntingar um árangur voru til haustmóts FSÍ sem haldið var á Akranesi þann 14. og 15. Nóvember en gengi FIMA var undir væntingum ef frá er tekin 3. flokkur sem stóð sig vel. Félagið sendi yngri hópa sína á Byrjendamót í hóp fimleikum með góðum árangri.

Félagið sendi fjölmargar stúlkur til að taka þátt í einstaklings fimleikum FSÍ og þar kom í okkar hlut fjögur gullverðlaun, fimm silfur og fjögur bronsverðlaun fyrir 2., 3. og 4. þrep stúlkna. Þessi góði árangur skilaði fjölmargum stúlkum upp um þrep og hefur félagið aldrei átt eins margar stúlkur í 3. og 4. þrepi. Tvær stúlkur tryggðu sér jafnframt þátttökurétt á Meistaramótinu í almennum fimleikum, þær Ástrós Líf Rúnarsdóttir 2. þrep og Elínborg Lorens Þórðardóttir 3. þrep. Ástrós hlaut þar 1. verðlaun fyrir dýnu og Elínborg 1. verðlaun fyrir dans.

Til viðbótar við þátttöku í mótum á vegum FSÍ hefur félagið staðið fyrir ýmsum viðburðum m.a. vorsýningu fyrir

yngstu iðkendur félagsins í maí, innanfélagsmót fyrir eldri iðkendur og sérstaka jólasýningu fyrir þá yngri í desember. Þátttaka var mjög góð á þessum viðburðum og mikil aðsókn aðstandenda skapaði skemmtilega umgjörð. Félagið hélt jafnframt sannkallaða „Loftfimleika“ sýningu í apríl þar sem fremsta fimleikafólk landsins var saman komið til að skemmta sér og áhorfendum. 13-18 ára iðkendur félagsins halda til Danmerkur á árinu 2010 og hafa þær tekið þátt í fjölskyldu skemmtunum hér á Akranesi til fjáröflunar. Lögð var áhersla á að auka félagslíf í starfinu og hafa m.a. verið haldin skemmti- og video kvöld fyrir hópana og furðufataæfingar voru mjög vinsælar.

Þjálfarar félagsins eru 9 og þar af eru þrír menntaðir íþróttakennarar, 2 með 1A námskeið og 2 með 1A og 1B námskeið frá FSÍ. Einnig eru þrír þjálfara með réttindi til að dæma í landsreglum og átti félagið einn dómara sem hafði réttindi 2009 til að dæma eftir Evrópureglum í hóp fimleikum FIMA leggur ríka áherslu á að mennta þjálfara sína. FIMA tilnefndi Karen Sól Sævarsdóttur til íþróttamanns Akraness fyrir árið 2009 en Karen Sól er fyrirmyndar iðkandi félagsins og stefnir á að komast í landslið í hóp fimleikum 2010.

Golfklúbburinn Leynir

Golfárið 2009 var 44. starfsár Golfklúbbsins Leynis. Ársins verður að sjálfssögðu minnst fyrir frammistöðu Valdísar Þóru Jónsdóttur sem varð Íslandsmeistari í högggleik fyrst kvenna í Golfklúbbum Leyni. Valdís hafði áður hlotið titilinn Íþróttamaður Akraness fyrir árið 2008, annað árið í röð. Annars mótaðist árið af samstarfi GL og GR sem var með miklum ágætum og í fyrsta skipti í nokkur ár áttu sér stað nýframkvæmdir á vellinum með byggingu nýrrar flatar á 4. braut. Í eftirfarandi greinargerð ársins 2009 er starfssemi klúbbsins gerð skil. Þá eru aðrar skýrslur starfandi nefnda hjálagðar.

Aðalfundur 4. desember 2008

Á aðalfundi GL þann 4. desember 2008 var kosin ný stjórn fyrir núverandi starfsár 2009.

Úr stjórn gengu :

- Formaður til eins árs: Heimir Fannar Gunnlaugsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára: Hörður Kári Jóhannesson og Ingþór Bergmann Þórhallsson
- Varamaður til eins árs: Eiríkur Jónsson

Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2009 voru:

- Formaður til eins árs: Viktor Elvar Viktorsson.
- Stjórnarmenn til tveggja ára: Hörður Kári Jóhannesson og Tryggvi Bjarnason.
- Stjórnarmaður til eins árs: Eiríkur Jónsson
- Varamaður í stjórn til eins árs: Heimir Fannar Gunnlaugsson

Áfram sat Halldór Hallgrímsson, kosinn til 2 ára.

Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

Starf stjórnar á árinu

Starf stjórnar GL á árinu var með rólegasta móti. Haldnir voru 10 stjórnarfundir sem færðir voru til bókar, auk óformlegra funda. Skuldastaða klúbbsins hefur verið rauði þráðurinn í gegnum störf stjórnar þetta árið líkt og hjá mörgum fyrirtækjum og félögum landsins. Því miður eru þau mál enn í ákveðnum ólestri þó klúbburinn greiði nú af lánum sínum eins og um verðtryggt lán væri að ræða. Þrátt fyrir erfiða skuldastöðu klúbbsins þá fór einni töluverður tími stjórnar í að skoða hugmyndir að nýrri vélarskemmu. Ýmislegt hefur verið skoðað í þeim en vegna óvissu með fjármögnun og aðkomu opinberra aðila að verkinu hefur lítið þokast. Það er þó ljóst að ef framkvæmdum við hótél við Garðalund verður þá hverfur núverandi skemma enda löngu kominn tími á endurnýjun hennar. Með tilkomu samnings GL við GR hefur verið hægt að fara í löngu tímabærar framkvæmdir á vellinum, þær framkvæmdir og þau viðhaldsverk sem unnin voru á vellinum komu nokkuð inná borð stjórnar.

Samstarfssamningur við GR

Annað ár samstarfssamnings GL og GR frá haustinu 2007 er nú liðið. Framkvæmd samningsins hefur gengið vel að mati stjórnar GL. Samningurinn gerir það m.a. að verkum að hægt var að hefja framkvæmdir við nýja flöt á 4. braut auk annarra smærri en löngu tímabærra verkefna. Það er ljóst að án samningsins væri staða GL graf alvarleg í ljósi þeirra efnahagsþrenginga sem nú ganga yfir þjóðin vegna skuldastöðu klúbbsins. Í stað þeirrar varnarstöðu sem GL hefur verið í undanfarin ár þá hefur eins og áður sagði verið hægt að fara í nýframkvæmdir og lagfæringar á vellinum sem að öðrum kostið hefði ekki verið mögulegt. Samningurinn og samstarf GL við GR hefur verið nokkuð til umræðu bæði innan klúbbsins sem og á öðrum vettvangi, m.a. hjá kjörnum fulltrúum Akraness. Hefur stjórn GL reynt að skýra út og eyða þeim misskilningi sem verið hefur á um samninginn. Félagsmenn hafa bent á það sem þeim hefur þótt miður og er það stjórn GL styrkur að hafa slíka meðlimi innan sinna vébanda. Hafa þau mál verið tekin upp og leyst á milli starfsmanna GL og GR í mesta bróðerni.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2009. Starfandi nefndir voru Barna- og unglinganefnd, afreksnefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd og mótanefnd. Hjálagaðar eru skýrslur nefnda.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís var kjörin Íþróttamaður Akraness annað árið í röð í byrjun árs 2009. Hún tók þátt í landsliðsverkefnum á vegum GSÍ og lék best íslensku keppendanna á EM í Slóveníu. Hún sá til þess að GL eignaðist sinn fyrsta Íslandsmeistara í högguleik kvenna á árinu, þegar hún sigraði á Íslandsmótinu sem fram fór í Grafarholti. Valdís náði snemma forystu í mótinu og lét hana aldrei af hendi þrátt fyrir að hart væri sótt að henni á köflum. Valdís Þóra sigraði að auki á fyrsta GSÍ stigamóti ársins. Í lok ársins lék hún á móti á Evrópumótaröð kvenna þar sem hún komst

ekki í gegnum niðurskurðinn á mótinu þrátt fyrir 9 högga bætingu á öðrum hring.

GL sendi sveit karla og kvenna til leiks í Sveitakeppni GSÍ. Karlarnir léku í 1. deild sem fram fór á Akureyri. Það var hlutskipti GL að falla í 2. deild að þessu sinni þrátt fyrir marga góða leiki okkar manna. Konurnar stóðu sig með stakri þrýði og sigruðu 2. deild kvenna með miklum yfirburðum. 1. og 2. deild kvenna fóru fram hér á Garðavelli þetta árið. Árangur kvennasveitarinnar er fyrir marga sakir afar athyglisverður þar sem ákveðið var með viku fyrirvara að senda sveit til keppni. Verður spennandi að fylgjast með þeim í 1. deild á næsta ári.

Starf eldri kylfinga

Karlasveit öldunga 55 ára og eldri lék á Flúðum. Sveitina var skipuð yngri mönnum með þeim eldri og reyndari í bland. Liðið var þannig skipað: Reynir Þorsteinsson liðsstjóri, Alfreð Viktorsson, Guðmundur Valdimarsson, Haukur Þórisson, Hörður Kári Jóhannesson, Steinn Mar Helgason, Valentínus Ólason og Þórður Elíasson. Þrátt fyrir harðsnúið lið með reynda keppismenn innanborðs hafnaði sveitin í 11 sæti.

Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fjölgaði úr 339 í 394 á árinu. Það er geysilega jákvætt sérstaklega í ljósi þeirra spádóma GSÍ sem og annarra að efnahagsástanið myndi leiða til fækkunar. Reyndar tók Leynir út nokkra fækkun á árinu á undan þar sem hætt var með fjaraðild og tekið var til í félagatali unglunga. Engu að síður voru nýskráningar 115 á árinu 2009 en á móti koma úrsagnir.

Mótahald

Mótahald var með miklum blóma sumarið 2009. Mikil þátttaka var í mótum á vegum GL og var reynt að brydda uppá nýjungum í mótahaldi. Sú mikla þátttaka sem var í mótum GL þetta sumarið skýrist að einhverju leiti af því að félagsmenn GL léku fleiri hringi en oft áður, veður var einstaklega gott og starf mótanefndar var með miklum ágætum þetta sumarið. Líkt og sumarið 2008 færðust opin mót yfir til GR en GL hélt hefðbundin innanfélagsmót auk þess sem miðvikudagsmót og kvennamót voru haldin. Leikin var mótaröð sem styrkt var af Íslandsbanka þetta sumarið og var bryddað uppá því að hafa lokamót þeirra sem best höfðu leikið í 3 af 6 mótum. Tókst það vel og myndaðist mikil spennan og góð stemming á milli þeirra sem léku í lokamótinu.

Mót:	Fj.2009	Fj. 2008	Fj.2007
Innanfélagsmót	36	26	25
Opin mót	2	1	13
GSÍ mót	4	2	2
Alls fjöldi móta	42	29	40
Útleigur	0	0	34

Það ber að taka það fram að útleigur á vegum GL voru engar en GR var með skráðar 10 útleigur skv. golf.is.

Útleigur golfvalla eru nauðsynleg fjáröflun klúbbanna og koma oft margar í lok sumars og á haustin. Við það getur skapast minni mögulegur tími hins hefðbundna félagsmanns til að nýta völlinn. Ég tel þó að ástandið á Garðavelli hafi verið viðunandi í sumar enda sumarið eins og áður er minnst á frábært veðurfarslega og allir þeir sem á annað borð höfðu áhuga á að leika golf höfðu góða möguleika á því, sér í lagi hér á Akranesi.

Meistaramót Leynis var haldið í góðu veðri 8. – 11. júlí. Þátttakan fór framur öllum vonum og var nýtt fjöldamet sett þar sem 118 félagsmenn tóku þátt er þá ekki talin með börnin sem léku á “Mikka mús” vellinum okkar. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal Íþróttabandalagsins þar sem fjöldinn var ekki talin rúmast svo vel ætti að vera í golfskálanum. Klúbbameistarar urðu eftirfarandi:

1. flokkur kvenna: Guðrún Ellen Ólafsdóttir
2. flokkur kvenna: Magnús Bára Guðmundsdóttir
3. flokkur kvenna: Heiðrún Guðmundsdóttir
- Öldungaflokkur kvenna 50+: Ingunn Þóra Ríkharðsdóttir
- Meistaraflokkur karla: Helgi Dan Steinsson
1. flokkur karla: Ingi Fannar Eiríksson
2. flokkur karla: Sindri Snær Alfreðsson
3. flokkur karla: Benedikt Valur Árnason
4. flokkur karla: Ingi Magnús Ómarsson
- Öldungaflokkur karla 55+: Alfreð Viktorsson
- Piltaflokkur 16-18 ára: Alexander Egill Guðmundsson
- Strákaflokkur 14-16 ára: Þórður Páll Fjalarsson
- Drengjaflokkur 13 ára og yngri: Elís Rúnar Elísson

Mótanefnd á sérstakar þakkir skildar fyrir vel unnin störf í sumar enda ber fjöldi móta sem og þátttakenda í þeim glögggt með sér að þar hefur verið unnið gott starf.

Framkvæmdir á árinu 2009

Eins og áður hefur verið minnst á þá hefur samningur GL og GR haft í för með sér að hægt hefur verið að ráðast í framkvæmdir við völlinn sem voru orðnar tímabærar. Nokkrir teigar voru lagfærðir, framkvæmdir við nýja flöt á 4. braut svo gott sem kláruðust auk fjölda annarra smærri verkefna sem m.a. voru unnin við nú á haustdögum. Hjálögð er skýrsla vallarnefndar sem á miklar þakkir skildar fyrir vel unnin störf á árinu 2009 einkum og sér í lagi formaður nefndarinnar Hannes Þorsteinsson sem vann gríðar mikið og gott starf á árinu, hvort heldur það var í formi nefndar og skipulagsvinnu eða í sjálfboðavinnu við 4. flötina sérstaklega. GL er sannarlega ríkur klúbbur að hafa mann eins og Hannes til skrafs, ráðagerða og síðast en ekki síst til sjálfboðavinnu við verkefni sem til falla.

Rekstur Golfklúbbsins Leynis árið 2009

Rekstrarniðurstaða ársins 2009 er neikvæð eins og undanfarin ár. Tap uppá tæplega 400 þús er niðurstaðan. Það er að sjálfssögðu ekki ásættanlegt engu að síður verður að líta jákvæðum augum á sjálfan rekstur klúbbsins. Tekjur ársins 2009 voru 26,9 milljónir eða ríflega 2 milljónum yfir áætlun. Gjöldin voru 17,7 milljónir eða ríflega 5 milljón



undir áætlun. Rekstrarhagnaður ársins er því 9,2 milljónir sem verður að teljast ágætur árangur í því ytra árferði sem við lifum við. Lán klúbbsins héldu áfram að hækka enda var samið um það við viðskiptabanka klúbbsins að frysta greiðslur af lánunum á meðan gengi krónunnar væri í því sögulega lágmarki sem það var og er. Um mitt ár var þó byrjað að greiða af láninu líkt og um 30 milljón króna verðtryggt lán væri að ræða. Slík leið er vissulega engin lausn en á meðan ástandið varir er það talið glapræði að greiða af lánunum að fullu. Væri þá allt eins gott að leggja núverandi kennitölu og byrja með “hreint” borð. Þrátt fyrir kennslustund frá yfirvöldum í slíkum gjörningum er það ekki eitthvað sem núverandi stjórn GL hugnast. Lán klúbbsins standa því í 61,8 milljón þegar þetta er ritað og hafa því hækkað um ríflega 6 milljónir á milli ára. Engu að síður á GL umtalsvert handbært fé eins og sjóðsstreymið ber með sér og staðan því e.t.v. ekki eins dökk og skuldastaðan segir til um. Staðan er engu að síður afar skrítn eins og menn geta gert sér í hugalund.

Starfsmannamál

Starfsmenn GL voru að mestu 2, það er Gylfi Sigurðsson framkvæmdastjóri og Karl Ómar Karlsson Íþróttastjóri GL og golfkennari auk Valdísar Þóru Jónsdóttur sem aðstoðaði Karl Ómar við barna og unglingastarfið í sumar. Gylfi er í hlutastarfi yfir vetrarmánuðina en sinnir framkvæmdarstjórarfinu að fullu yfir sumartímann. Félagsmenn GL hafa

þó meira og minna óheftan aðgang að honum hvenær sem er. Stjórn GL vill þakka Gylfa fyrir gott samstarf á árinu. Karl Ómar vann ótullega að barna og unglingastörfum fyrir klúbbinn, auk þess sem hann sinnti nýliðakennslu og hélt utan um afrekskyflinga GL eins og undanfarin ár. Árangur Valdísar Þóru í ár verður ekki síst þakkað mikilli samvinnu hennar við Karl Ómar. Mikil gróska er í barna og unglingastarfi klúbbsins og heldur Karl Ómar þétt utan um það. Karl hefur einnig unnið ótullega í því að gera GL að fyrirmyndarfélagi ÍSÍ og sjáum við vonandi fljótlega árangur þeirrar vinnu. Stjórn GL er ánægð með það mikla líf sem verið hefur í kringum barna og unglingastarfið á árinu og vil þakka Karli Ómari samstarfið á árinu.

Veitingasala

María Nolan sá alfarið um veitingarekstur við Garðavöll árið 2009 en að þessu sinni í samstarfi við GR.

Samningar við aðra golfklúbba

Stjórn GL ákvað að gera samning við Golfklúbb Borgarness og Golfklúbb Þorlákshafnar um ódýrara spil fyrir félagi í GL sumarið 2009. Ágætis nýting var hjá nágrönnum okkar í GB og greiddi Leynir 150 hringi sumarið 2009 en eingöngu 14 hringi hjá GÞ. Þá var hluti af samkomulagi milli GR og GL líkt og í fyrra að meðlimir í GL fengu að spila sem nemur

150 hringjum í Grafarholti og 150 hringi á Korpúlfsstöðum. Nýtingin var betri en árið 2008 þar sem 233 hringir voru nýttir á völlum GR á móti 150 nýttum hringjum árið 2008.

Umferð um Garðavöll

Garðavöllur var í fínu standi í sumar. Einhverra hluta vegna kom völlurinn þó ekki eins góður undan vetri og árið áður. Farið var yfir það og telja menn að götun haustið 2008 hafi verið gerð of seint. Vissulega er völlurinn eilíft þrætuepli félagsmanna og í klúbbi eins og okkar eru alltaf c.a. 300 vallarstjórar sem vita uppá hár hvernig á að reka Garðavöll! Þrátt fyrir einmuna veðurbliðu í allt sumar og eina lengstu opnun Garðavallar í manna minnum voru skráðir hringir á Garðavelli færri en á árinu 2008. Leiknir voru 15.600 hringir skv. skráðum rástímum og 1375 mótahringir GL félaga samtals 16.975 hringir. Það verður þó að teljast líklegt að í raun og veru hafi hringirnir verið umtalsvert fleiri þar sem einhver vanhöld voru á skráningum auk þess sem hætt var að skrá í september en leikið var inná sumarflatir fram í miðjan nóvember. Varlega áætlað má gera ráð fyrir svipaðri umferð og á árinu 2008 ef ekki meiri.

Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur skv. skráningum:

- 2003: 14.600 hringir
- 2004: 12.100 hringir
- 2005: 15.500 hringir
- 2006: 16.000 hringir
- 2007: 12.000 hringir
- 2008: 17.231 hringir
- 2009: 16.975 hringir

Samskipti við Akraneskaupstað

Samstarfið við Akraneskaupstað var með svipuðu sniði og árin á undan. Síðasta ár

framkvæmdarsamnings GL við Akraneskaupstað var á árinu 2009 og ljóst nýrrar stjórnar bíður það verkefni að hefja viðræður um framtíð samninga við kaupstaðinn. Ekkert þokast í byggingu vélarhúss sem báðir aðilar lýstu yfir vilja sínum að reisa í þeim samningi sem nú er að renna sitt skeið. Óformlegar viðræður hafa þó farið fram en staða klúbbsins sem og bæjarins gerir það að verkum að erfitt hefur verið að fá neitt fast í hendi. Þó vonast stjórn GL til þess að með fyrirhuguðum framkvæmdum við svokallaðan Viskubrunn í Garðalundi skapist þörf bæjarins fyrir slíku sameiginlegu rými. Með byggingu hótels við Garðalund vonast stjórn GL eftir því að GL fái rými fyrir starfsemi sína í þeirri byggingu. Hefur stjórn GL fundað með bæjaryfirvöldum og hafa þau tekið jákvætt í þær hugmyndir. Ekkert liggur þó fyrir í þeim efnum en framkvæmdaraðilar verkefnisins eru jákvæðir og vonast til að framkvæmdir geti hafist á næstu misserum.

Styrktaraðilar

Það er stór hluti af rekstri Golfklúbbsins Leynis að treysta á stuðning frá styrktaraðilum og velgjörðamönnum klúbbsins. Með tilkomu samnings GL við GR hefur þó dregið úr beinum styrktaraðilum auk þess sem efnahagsástandið í þjóðfélaginu hefur orðið til þess að stórir styrktaraðilar hafa ýmist horfið af vettvangi eða ekki treyst sér til að standa við áður gerða samninga. Barna og unglingastarf GL hefur þó haldið nokkrum góðum styrktaraðilum og er Landsbanki Íslands einn aðal styrktaraðili starfsins líkt og undanfarin ár. Í kjölfar breytinga á rekstri LÍ var gerður nýr samningur bankans við GL síðasta sumar. Norðurál styrkir starfið einnig sem og Íslandsbanki, Húsasmiðjan og Bónus.

Minning um góðan félag

Guðmundur Magnússon einn af stofnendum Golfklúbbs Akraness síðar Golfklúbbsins Leynis lést á árinu. Guðmundur sat í fyrstu stjórn klúbbsins og var einn af aðal hvatamönnum á bak við eitt af elstu golfmótum klúbbsins, Frumherjabikarnum. Guðmundur var góður bakhjarl Leynis sem gott var að leita til þegar á þurfti að halda.

Lokaorð

Árið 2009 var á margan handa máta gott ár fyrir Golfklúbbinn Leyni. Fyrsti Íslandsmeistaratitill klúbbsins í kvennaflokki kom í hús, kvennasveit Leynis komst í efstu deild í sveitakeppni GSÍ og barna og unglingastarf GL var í miklum blóma. Framtíðin er því sannarlega björt fyrir GL. Veðrið lék við kylfinga í sumar og langt fram eftir hausti. Í raun má segja að kylfingar í GL hafi getað stundað golf við bestu aðstæður í tæplega 7 mánuði árið 2009, enda var ekki lokað inná sumarflatir fyrr en um miðjan nóvember. Mótahald var með fjörugasta móti og fjöldi kylfinga sem tóku þátt í innanfélagsmótum GL sem og Meistaramótinu sló öll met. Slíka þátttöku ber að þakka sem og vinnuna á bak við mótin og þá viðburði sem voru á vegum GL. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga

sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og á að vera aðalsmerki klúbbs eins og GL. Fórnfús félagi er mikils virði í starfi GL. Samstarfið við GR gekk vel á árinu 2009 og er það trú mín að félagsmenn GL líti samstarfið björtum augum og séu sífellt ánægðari með þann samning sem gerður var í lok árs 2007. Stjórn GL þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir gott samstarf á rekstrarárinu 2009.

Skýrsla frá íþróttastjóra GL fyrir árið 2009

Börn og unglingar 20 ára og yngri eru 35% af félagsfjölda GL. Í ár hefur verið unnið mikið með að móta stefnu í allri uppbyggingu og þróun þjálfunar og félagsstarfs hjá börnum og unglingum hjá GL. Eitt af markmiðum íþróttastjóra var að gera barna- og unglingastarf GL að fyrirmyndarfélagi ÍSÍ. Hægt er að skoða þá vinnu í „handbók fyrir barna- og unglingastarfi GL 2010“ Golfstarfið skiptist í tvennt: almennt starf og afreksefnastarf. Golfæfingar í almennu starfi voru í vetur einu sinni í viku og þrisvar sinnum í viku yfir sumartímann. Golfæfingar í afreksefnastarfi voru 2-3 í viku í vetur sem skiptust í þútt, sveiflu og þrekæfingar og æfingar 3-4 í viku í sumar sem skiptust í golfþjálfun, leikæfingu og eigin þjálfun. Inniafingar fóru fram á Jaðarsbökkum, á Vesturgötunni eða í Akraneshöllinni. Útiafingar fóru fram á æfingasvæði og golfvelli GL frá 1. maí til októberloka. Hægt er að fá nánari upplýsingar um vetrar og sumarstarfið á golf.is/gl og ia.is og [blog. central.is/tlu](http://blog.central.is/tlu). Í sumar var farið í „Óvænta ferð“ fyrir alla krakka sem æfa golf hjá GL. Um 60 krakkar fóru í rútu út í óvissuna. Keyrt var til Golfklúbbs Borgarness og leikið þar golf á einum fallegasta degi sumarsins. Einnig var farið í ýmsa leiki og í sundferð í Borgarnesi. Þegar komið var á Skagann þá var öllum boðið í pylsuveislu. Við mæltum okkur mót við krakka frá Ísafirði. Við mæltum okkur mót við þau í Borgarnesi og þau komu svo með okkur á Akranes. Heppnaðist þessi dagur með eindæmum vel. Lokahóf GL var þrískipt eftir aldri og fjölda í október auk þess sem að uppskeruhátíð fyrir sumarið varhaldin. Boðið var upp á golfþrautir og leik á vellinum og heppnaðist það mjög vel þó svo frekar kalt hafi verið í veðri. GL bauð síðan öllum upp á gos, pizzu og prins póló. Allir fengu golfverðlaun til minningar um frábært golf tímabil. Einnig voru veitt verðlaun fyrir flestar mætingar á golfæfingar í vetur, sumar og í haust. Þau sem fengu verðlaun voru Ægir Sölvi Egilsson, Gunnar Davíð Einarsson, Þórey Petra Bjarnadóttir og Sindri Snær Alfredsson.

Barna og unglingaráð GL

Barna- og unglingaráð GL hélt 9 fundi í ár. Þau sem eiga sæti í ráðinu er Hrönn Norðdahl, Guðlaug Sverrisdóttir, Egill Ragnarsson, Alfneð Örn Lilliendahl, Karl Ómar Karlsson og Gylfi Sigurðsson sem var tengiliður stjórnar í



ráðinu. Hægt er að lesa fundargerðir hjá íþróttastjóra GL. Meðal þess sem var ákveðið að gera í ár var að kaupa húfur, belti og jakka með GL merkinu til sölu fyrir félagsmenn GL. Salan á GL vörunum gekk ljómandi vel. Rekstraráætlun var gerð af B&U ráði og var hún samþykkt af stjórn GL. Bingo var haldið í nóv. í Skrúðgarðinum. Hátt í 70 krakkar mættu og skemmtu sér vel. Kynningarfundur var haldinn 3. júní fyrir foreldra barna og unglinga í GL. Mættu það margir foreldrar að nánast húsfyllir var.

Mótamál

GL á marga unga og efnilega kylfinga sem tóku þátt í US KIDS GOLF mótaröð 12 ára og yngri í sumar. Gríðarlega góður árangur náðist á þessum mótum og átti GL keppendur í verðlaunasetum. GL var stundum með hátt í 1/3 keppenda á þessum mótum. Mikill áhugi er hjá krökkunum og verður að hlúa vel að þeim í framtíðinni.

GL kylfingar sem tóku þátt í mótunum í sumar voru:

Axel Fannar Elvarsson, Elís Rúnar Elísson, Friðrik Berg Sigþórsson, Guðmundur Sigurbjörnsson, Hreiðar Henning Guðmundsson, Stefán Teitur Þórðarson, Ægir Sölvi Egilsson, Árni Þór Árnason, Ásgrímur Óskar Jóhannesson, Ástþór Ýmir Alexandersson, Atli Teitur Brynjarsson, Fylkir Jóhannsson, Halldór Vilberg Reynisson, Hilmar Halldórsson, Ísak Örn Elvarsson, Ísak Darri Þorsteinsson, Leó Snær Guðmundsson, Sigurjón Bergsteinsson, Sindri Þór Harðarson, Þór Llorens Þórðarson og Aron Máni Alfredsson.

Í eldri flokkum unglinga voru keppendur frá GL að jafnaði 4-9 keppendur í hverjum móti.

Samkvæmt GSÍ stigalista var Bjarki Þór Jóhannsson í 30. sæti á stigalista í unglingaflokki 17-18 ára. Alexander Egill Guðmundsson var í 12. sæti og Pétur Aron Sigurðsson í 25. sæti og Birkir Hrafn Vilhjálmsson í 40. sæti í flokki 15-16 ára. Sindri Snær Alfredsson var í 13. sæti, Sverrir Mar Smárasen var í 21. sæti og Þórður Páll Fjalarsson í 39. sæti í flokki 13-14 ára. Þess ber að geta að sumir léku ekki með í öllum mótunum og kemur það niður á stigalistann.

GL sendi engar stelpur á GSÍ mót sl. sumar og er það miður. Sveitakeppnin 16 ára og yngri fór fram á Kiðjabergi í ágúst. GL sendi eina sveit og eftir mikla baráttu lenti hún í 4. sæti af 18. sveitum. Sveitina skipuðu Alexander Egill Guðmundsson, Pétur Aron Sigurðsson, Hallur Flosason, Birkir Hrafn Vilhjálmsson, Benedikt Valur Árnason, Sverrir Mar Smárason og Sindri Snær Alfreðsson. Egill Ragnarsson og Karl Ómar voru farastjórar. Það náðist ekki að manna sveit í flokki 17-18 ára. Fyrir komandi golfár er nauðsynlegt að halda áfram að hlúa vel að starfinu. Það er alltaf hægt að gera betur. Í lokin langar mig til að þakka öllum þeim sem að starfinu koma, krökkunum og unglingunum og foreldrum þeirra, framkvæmdarstjóra og stjórn GL, barna- og unglingaráði GL, fararstjórum og liðsstjórum. Einnig vil ég þakka þeim fyrirtækum sem styrkja barna- og unglingastarf GL

Karl Ómar Karlsson, íþróttastjóri GL

Afreksnefnd

Starf afreksnefndar var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Karl Ómar Karlsson sá um æfingar fyrir afrekskyllfinga og undirbjó sveitir GL fyrir sveitakeppni GSÍ. Árangur Valdísar Þóru Jónsdóttur ber auðvitað hæst á árinu 2009 hún varð Íslandsmeistari í högggleik eftir æsispennandi baráttu við Signýju Arnórsdóttur, þá sigraði Valdís einnig á fyrsta stigamóti GSÍ í vor. Valdís Þóra var einnig fyrsti kvenkyllingur GL til að taka þátt í móti á Evrópumótaröðinni en hún vann sér rétt til þess eftir frábæran árangur á Faldo móti sem fram fór í Brasilíu síðastliðinn vetur. Valdís fór til Ítalíu ásamt Karli Ómari þjálfara sínum en náði ekki að komast í gegnum niðurskurðinn að þessu sinni en vonandi fær Valdís aftur tækifæri til að spila á móti á Evrópumótaröðinni. Valdís var eina konan í GL sem tók þátt í GSÍ mótaröð kvenna í ár en vonandi verður árangur hennar hvatning fyrir ungar stúlkur í GL á halda á sömu braut. Karlarnir voru venju fremur rólegir í GSÍ mótum sumarsins og t.d fóru aðeins tveir kyllingar í Íslandsmótið í Grafarholti í ár. Stefán Orri Ólafsson náði þar bestum árangri Leynismanna. Íslandsmót í sveitakeppni kvenna fór fram á Garðavelli 1. og 2. deild fyrstu helgina í ágúst. GL tefldi fram sveit í annarri deild að þessu sinni og gerðu stúlkurnar sér lítið fyrir og sigruðu alla sína andstæðinga nokkuð auðveldlega og tryggðu sér sæti í 1 deild að ári.

Kvennasveit GL var skipuð eftirfarandi leikmönnum:

Valdís Þóra Jónsdóttir
Sigurbjörg Halldórsdóttir
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Ellen Ólafsdóttir
Bryndís Rósa Jónsdóttir
Liðstj. Elín Rós Sveinsdóttir

Karlasveit GL lék á sama tíma á Akureyri og var ekki í sama formi og konurnar Karlasveit GL tapaði

öllum leikjum sínum og lenti í 8. og neðsta sæti og þarf því að spila aftur í 2. deild eftir tvö ár í þeirri fyrstu.

Karlasveitin var skipuð eftirfarandi leikmönnum:

Aðalsteinn Ingvason
Björn Knúttsson
Helgi Dan Steinsson
Hróðmar Halldórsson
Kristvin Bjarnason
Stefán Orri Ólafsson
Þórður Emil Ólafsson
Willy Blumenstein Valdimarsson
Liðsstj. Halldór Hallgrímsson

Afreksnefndin stóð að vanda fyrir einu móti til styrktar sveitum GL en bakhjarl mótsins var eins og undanfarinn ár Kjaran ehf. Mótið var haldið á írskum dögum í júlí og var mjög vel sótt. Afreksnefnd GL vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem studdu við bakið á sveitum GL á liðnu ári.

F.h afreksnefndar, Halldór Hallgrímsson

Skýrsla kvennanefndar 2009

Kvennanefnd árið 2009 skipuðu Ella María Gunnarsdóttir og Helga Rún Guðmundsdóttir. Við upphaf tímabilsins hafði engin kvennanefnd verið skipuð og ákváðum við því að bjóða okkur fram í þetta starf. Eftir fund með Gylfa Sigurðssyni framkvæmdarstjóra, Viktori Elvari Elvarssyni formanni GL og Maríu Nolan tókum við til starfa í byrjun júní. Haldnir voru nokkrir fundir og drög lögð að helstu verkefnum sumarsins. Eins og fyrri ár var helsta verkefni kvennanefndar að efla kvennagolf á Akranesi og reyna að fá fleiri konur til liðs við klúbbinn. Einnig var lögð áhersla á að fá sem flestar af Leyniskonum til þess að taka þátt í viðburðum á vegum kvennanefndar. Fyrsta verkefni kvennanefndar var uppfæra póstlista nefndarinnar og senda drög af sumarstarfi á allar konur í klúbbum auk þess sem það var auglýst í golfskálanum. Sumargleði kvenna var fyrsta mót sumarsins. Mótið var haldið 19. júní á kvenréttindadaginn. Spilaðar voru 9 holur og tóku 14 konur þátt í mótinu.

Kvennagolf fyrir Leynisskvísur var á þriðjudögum eins og verið hefur síðustu árin. Líkt og fyrri ár var þátttaka mjög góð í þriðjudagsgolfinu í sumar. Hefðbundið kvennagolf var annan hvern þriðjudag en hinn þriðjudaginn á móti var Græna mótaröðin. Ákveðið var að keppt yrði um 1.-3. sætið í punktkeppni og töldu þrjú bestu mótin til úrslita. Þetta fyrirkomulag bar góðan árangur, mjög góð þátttaka var í mótaröðinni eða að jafnaði 15-20 konur í hvert sinn. Skemmtimót kvenna var haldið 23. júlí. Spilað var Texas scramble og gafst leyniskonum tækifæri á að taka með sér spilafélaga og kynna golfið fyrir áhugasömum vinkonum. Spilaðar voru 9. holur og tóku um 22 konur þátt í mótinu.

Um miðjan júlí var kvennanefnd GS í sambandi við okkur og í byrjun ágúst var haldið mót þar sem GS-konur og Leyniskonur spiluðu saman. Spilaðar voru 9 holur þar sem ekki gafst birta til að spila 18 holur. Konur úr klúbbunum snæddu saman í golfskálanum að móti loknu ásamt fjölmönnum hópi af konum úr GKG. Mótið heppnaðist vel og þátttaka var góð.

Sveitakeppni kvenna fór fram 7. – 9. Ágúst og áttu Leyniskonur lið í 2. deild að þessu sinni. Lengi vel leit út fyrir að GL hefði ekki lið, en framganga vaskra kvenna og Karls Ómars Íþróttastjóra GL gerði það að verkum að lið var sent til keppni. Fór keppnin fram á Garðavelli og er skemmst frá því að segja að sveit GL sigraði með nokkrum yfirburðum í 2. deildinni og leikur því í 1. deild að ári. Sannarlega glæsilegur árangur og verður gaman að fylgjast með liðinu í framtíðinni. Sveitina skipuðu þær Bryndís Rósa Jónsdóttir, Guðrún Ellen Ólafsdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Sigurbjörg Halldórsdóttir, Valdís Þóra Jónsdóttir og Elín Rós Sveinsdóttir sem jafnframt var liðsstjóri. Vesturlandsmótið var haldið í Stykkishólmi 29 ágúst. 19 gallvaskar Leyniskonur stormuðu í Hólminn og var tekið á móti okkur með morgunmat í golfskálanum. Spilaðar voru 18 holur í köldu norðan roki og að því loknu var skálað fyrir góðu spili og farið í heita pottinn í sundlaug Stykkishólms. Um kvöldið voru kynntir helstu listamenn á Stykkishólmi og þaðan haldið í skálann þar sem boðið var uppá mat og drykk, verðlaunaafhendingu og skemmtiatriði. Kvennasveit Leynis hafnaði í þriðja sæti.

Lokamót sumarsins var haldið fimmtudaginn 3. september. Spilaðar voru 9 holur þar sem ekki var hægt að spila fleiri vegna birtu, 22 konur tóku þátt í mótinu og flestar þeirra mjög skemmtilega til fara. Að mótinu loknu var borðað saman í skálanum og skálað fyrir góðu sumri. Veitt voru verðlaun fyrir 1. – 3. sæti í punktkeppni og í högggleik og einnig voru veitt verðlaun fyrir grænu mótariðina auk annarra aukaverðlauna. Virkum konum hefur fjölgað nokkuð í GL nú síðustu árin. Kvennastarfið miðar að því að styrkja og efla konur í golfi og auka kynni á meðal þeirra. Kvennanefndin hefur hug á því að auka starfið m.a. með því að koma á fót vetraræfingum í einhverri mynd. Kvennanefnd GL vill þakka eftirtöldum fyrirtækjum fyrir góðan stuðning í sumar: Verslunin Bjarg, Olís, Landsbanki Íslands, Rolf Johansen og Co, Íslensk Getspá, 66°Norður, Tölvuþjónustan SecurStore, Flugleiðir, Vífilfell, Face Snyrtistofa, Rammar og myndir og Nýi Kaupþing banki.

Við þökkum öllum Leynisskvísum fyrir ánægjulegt sumar!

*Helga Rún Guðmundsdóttir
Ella María Gunnarsdóttir*

Skýrsla eldri kylfinga (55 ára og eldri)

Æfingar eldri kylfinga í GL hófust seinni part sumars og hittist hópurinn (12-14 manns) nokkrum sinnum. Eftir þessar æfingar var valinn 8 manna flokkur til að taka þátt í sveitakeppni öldunga á Flúðum. Í sveitinni voru Alfreð Viktorsson, Guðmundur Valdimarsson, Steinn Helgason, Haukur Þórisson, Hörður Jóhannesson, Valentínus Ólason, Þórður Elíasson og Reynir Þorsteinsson. Sveitin lenti í 11. sæti sem var ekki að væntingum en kannski raunhæf miðað við að meðalforgjöf var 13,6.

Reynir Þorsteinsson

Skýrsla Mótanefndar

Mótanefnd árið 2009 skipuðu þeir Eiríkur Jónsson, Þórður Elíasson og Bjarni Sveinsson. Eins og verið hefur undanfarin ár sér var verkefni nefndarinnar að sinna innanfélagsmótinu

Leynis og voru þau eftirfarandi.

9. maí Völlurinn opnaður formlega með GR-GL móti. Sigurvegari Jói Sig

16. maí Frumherjabikarinn. Sigurvegari Helgi Dan

18. maí til 20. júní H.B. Grandi mótarið Sigurvegari Jón Ármann Einarsson

23. júní Jónsmessumótið

8.-11. júlí Meistaramótið. Úrslitin þar í skýrslu stjórnar

15. júlí til 21. ágúst Íslandsbankamótariðin Sigurvegari Bjarki Þór Pétursson

15. –16. ágúst Haraldarbikarinn Sigurvegarar

Rögnvaldur Skúlason með forgjöf og án forgjafar Kristvin Bjarnason

12. sept. Vatnsmótið Sigurvegarar með forgjöf Ægir Þór Sverrisson og án forgjafar Hróðmar

Halldórsson

27. sept. Bændaglíman Viktor Elvar og hans menn Þetta urðu því 31 leikdagur.

Að auki hélt klúbburinn 2 opin mót,

6. júní Styrktarmót Valdísar Þóru og

4. júlí Opna Kjaran.

Mjög góð þátttaka var í mótum sumarsins og er nefndin afar sátt með hvernig til tókst. Flesta daga var verið að spila í frábæru veðri en á lélegum grínum langt fram eftir sumri. Árangur manna var þó afar misjafn í mótunum og voru nokkrir að spila langt undir væntingum en aðrir að koma á óvart, en langflestir fóru ánægðir heim að loknu móti og þá er takmarki nefndarinnar náð. Hafa gaman af golfi. Lokahóf meistaramótsins var nú haldið með stæl í sal ÍA að Jaðarsbökkum og tókst með afbrigðum vel, enda mætingin frábær. Nefndin vill þakka öllum styrktaraðilum mótanna kærlega fyrir þeirra hlut og öllum þeim sem aðstoðuðu, ekki síst Gylfa sem skilaði vel og rúmlega sínu. Nefndin þakkar klúbbfélögum frábært golfsumar.

Bjarni Sveinsson formaður.

Hestamannafélagið Dreyri

Stjórn hestamannafélagsins, s.l. starfsár:

Formaður: Ólöf H. Samúelsdóttir

Varaformaður: Ása Hólmarsdóttir

Ritari: Inga Ósk Jónsdóttir

Gjaldkeri: Valdís I. Valgarðsdóttir

Félagsmenn í hestamannafélaginu Dreyra eru 193 talsins. Stjórnin fundaði 8 sinnum formlega en þar fyrir utan var fjöldi funda haldinn í gegnum tölvu og síma. Nokkrir fundir voru haldnir með nefndum félagsins vegna ýmissa



mála. Á s.l. starfsári gekk Guðbjartur Þór Stefánsson úr stjórn Dreyra, eru honum færðar bestu þakkir fyrir sín störf. Helena Bergström hætti í stjórn æskulýðsnefndar og eru henni sömuleiðis færðar bestu þakkir. Húsnefnd Dreyra, sem hefur staðið sig frábærlega, hættir störfum og búið er að skipa nýja húsnefnd. Fráfarandi nefnd var skipuð þeim: Gylfa Karlssyni, Guðfinnu Magnúsdóttur, Böðvari S. Björnssyni og Soffíu G. Þórðardóttur, er þeim þakkað kærlega fyrir vel unnin störf. Kvinnadeild Dreyra var stofnuð á vormánuðum af vöskum flokki kvenna og er það framtak kærkomin viðbót við félagsstarfið. Kvinnadeildin mun að hluta til starfa sem fræðslu- og skemmtinefnd Dreyra og er margt í bígerð hjá þeim.

Liðið ár var að mörgu leyti gott hjá hestamannafélaginu þótt sama sé ekki hægt að segja um ástandið í þjóðfélaginu. Töluverð virkni var hjá félagsmönnum og kom það berlega í ljós við undirbúning og vinnu við fjórðungsmótið sem haldið var á Kaldármelum fyrstu helgina í júlí. Öllum þeim sem þar lögðu hönd á plóg er kærlega þakkað fyrir framlagið. Mótið tókst í alla staði mjög vel og stóð það undir sér og vel það.

Mörg mál komu inn á borð stjórnar á starfsárinu, má þar nefna að aftur varð að leita til bæjarins vegna hækkunar á fasteignagjöldum á hesthúsum, lausaganga hunda í hverfinu, reiðvegamáli, félagsheimilið, mót félagsins, tilnefning íþróttamanns ársins, fjáröflunaráætlanir, greinaskrif í blöð, umgengni í hesthúshverfinu, tiltekt á svæðinu, ýmsar aðrar styrkumsóknir, keppnisvellir á svæðinu og margt fleira sem stjórn og nefndir reyndu að leysa úr eins og hægt var.

Mótahald var eins og undanfarin ár, vetrarleikar, firmakeppni og Norðurálmót ásamt fjórðungsmóti á Kaldármelum og er rétt að geta þess að knapar frá Dreyra stóðu sig með mikilli þrýði á mótum ársins og unnu til alls kyns verðlauna. Er þeim öllum óskað innilega til hamingju með það. Einnig vill stjórn Dreyra þakka öllum þeim sem unnu að og á þessum mótum, kærlega fyrir þeirra framlag en eins og allir vita byggir allt okkar starf á sjálfbærðum og sem betur fer erum við rík af þeim. Sömuleiðis viljum við þakka þeim sem lánuðu hesthúsin sín þegar Norðurálmótið

var haldið, í því felst mikil greiðasemi og gestrisni.

Glitnir, nú Íslandsbanki, sem verið hefur aðalstyrktaraðili Glitnismótsins undanfarin ár hætti sínum stuðningi við félagið, eru hér færðar fram þakkir fyrir stuðninginn en vegna þessa varð að finna nýjan styrktaraðila og var leitað til Norðuráls sem styrkti okkur þetta árið. Óvíst hvað verður næsta sumar, þ.e. hvort við höldum mót eða gerum við völinn eða hvortveggja, allt veltur það á því hvort fjármagn fæst.

Vallarsvæðið okkar þarfnast virkilega lagfæringa og er stjórn að vinna í þeim málum. Búið er að senda beiðnir um fjárstuðning bæði til Akranesskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar og er verið að skoða þessi mál þar ásamt því að unnið er að nákvæmri kostnaðaráætlun. Mjög brýnt er að viðhalda þeim íþróttamannvirkjum (keppnisvöllum) sem á svæðinu eru til að geta haldið hér mót og þar með uppfyllt eina af skyldum félagsins og á sama tíma aflað fjár fyrir félagið. Of langt mál er að telja upp alla þá verðlaunaknapa og hesta sem félagið átti á s.l. sumri en vísað til samantektar um úrslit á mótum sumarsins sem hér liggur frammi.

Í byrjun desember var haldinn auka- aðalfundur. Ástæðan var sú að stjórn Dreyra taldi að breyta þyrfti dagsetningu aðalfundar sem haldinn hefur verið í nóvember ár hvert. Þessi breytingartillaga var auglýst og síðan borin upp á áðurnefndum fundi og samþykkt þar. Samkvæmt þessu verður aðalfundur Dreyra haldinn fyrir 15. jan. ár hvert.

Einnig samþykktu fundarmenn þá tillögu að haldinn yrði félagsfundur að hausti í staðinn og skal hann haldinn í síðasta lagi í október.

Ýmislegt annað er vert að nefna úr starfsemi félagsins: Hefðbundin Langasandsreið með heimsókn á dvalarheimilið Höfða var í vor og tókst með ágætum. Góð þátttaka og fjör.

Í sumar var farin Kvinnareið sem tókst vel í alla staði. Þeim sem að stóðu eru færðar kærar þakkir fyrir sem og þeim sem tóku á móti konum og hestum og veittu vel.

Afmælismyndadiskur Dreyra kom út stuttu fyrir jól og eru þeim sem að stóðu færðar bestu þakkir fyrir vinnuna sem lögð var í gerð hans. Í afmælisnefndinni voru Bjargey Magnúsdóttir, Guðbjartur Þór Stefánsson, Jón Sigurðsson, Marteinn Njálsson og Sigurveig Stefánsdóttir.

Eins og allir félagsmenn vita eru komin ný og góð húsgögn í félagsheimilið okkar en fleira þarf að bæta þar eða viðhalda eins og að kaupa brunavarnarkerfi, mála að innan og endurnýja eitt og annað smálegt.

Æskulýðsstarf félagsins gengur vel og er stöðugt í sókn. Á formannafundi LH sem haldinn var í nóvember s.l. og Ása Hólmarsdóttir sat fyrir hönd félagsins var Dreyra

veittur Æskulýðsbíkar LH. Þetta er mikill heiður og frábær viðurkenning fyrir okkur og vill stjórn Dreyra þakka innilega æskulýðsnefndinni fyrir þeirra vinnu að þessum málaflokki. Nauðsynlegt er að halda utan um og hlúa að ungum félögum, á þeim byggir jú félagið seinna meir þannig að þetta starf er seint ofmetið.

Umræður og athugasemdir hafa verið í gangi varðandi félagsbúninginn og er það mál í vinnslu. Verið er að kanna verð og fleira og mun það koma í ljós á næstunni.

Stefnt er á áframhaldandi samstarf við hestamannafélögin á Vesturlandi og ýmislegt til umræðu í því sambandi.

Reiðskemman eða reiðhöll kemur oft upp í umræðunni um aðstöðu hestamanna. Stjórnin hefur lítillaga skoðað þau mál en í raun ýtt þeim til hliðar í bili vegna ástands í landinu. Við teljum félagið ekki standa undir því að byggja slíkt hús á þessum tímum en erum vissulega opin fyrir öllu. Á móti kemur að mikil vinna hefur farið í reiðvegamála á félagssvæðinu okkar og sérstök áhersla á reiðvegi í Hvalfjarðarsveit vegna þess að verið var að vinna þar að aðalskipulagi.

Stjórn Dreyra valdi Jakob Svavar Sigurðsson íþróttamann Dreyra fyrir árið 2009.

Eru honum færðar innilegar hamingjuóskir með útnefninguna.

Að lokum:

Þótt margt sé hér týnt til af starfi hestamannafélagsins þá er listinn yfir verkefni þess hvergi nærri tæmdur. Öll sú vinna sem að baki liggur væri ekki möguleg nema fyrir velvilja félagsmanna, framlag og fórnfýsi. Enda er félagið, félagsmenn sjálfir.

Öll eigum við gjarnan nóg með okkur en samt tekst okkur að halda úti öflugum hestamannafélagi þar sem mikil og góð starfsemi fer fram, öll í sjálfbærliðastarfi eins og áður er getið. Við skulum hafa í huga að við erum ekki stórt félag en stöndum alls ekki að baki mörgum stærri félögum landsins, ásamt því að hafa ýmsa aðstöðu hér sem margir vildu gefa mikið fyrir að hafa.

Ég vil að endingu þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við að halda félaginu okkar gangandi, stjórnarmönnum, nefndarmönnum og öðrum félagsmönnum. Ég óska Dreyra farsældar og tel framtíð félagsins bjarta svo framarlega sem við berum gæfu til þess að standa saman og standa vörð um félagið og hagsmuni þess.

Fyrir hönd stjórnar;

Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir, formaður.

Skýrsla æskulýðsnefndar fyrir starfsár 2009

Helstu viðburðir í starfi nefndarinnar:

Febrúar: 8. febrúar, sunnudagur. Fyrsti fundur. Þetta var upphafsfundur ársins með nefndarmönnum (Helenu, Ásu og Ragnheiði) og yngri félagsmönnum Dreyra. 13 krakkar á aldrinum 2ja til 17 ára mættu. Óskir og væntingar unga hestafólksins til vetrarstarfsins voru ræddar og skoðaðar yfir léttum kaffiveitingum. Greinilegt að mikill hugur

var í knöpunum. Nefndarmenn gerðu uppkast að starfi æskulýðsnefndar næstu vikunar sem gerði ráð fyrir 14 viðburðum fram á sumar, auk samvinnu við stjórn og aðrar nefndir við framkvæmd á öðrum viðburðum. Dagskráin var sett á dreifimiða og dreift í öll hesthús á Æðarodda og öllum félagsmönnum sendur miðinn í tölvupósti, auglýst í Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit, svo og stór auglýsing sett á auglýsingastaurinn okkar fína í Æðarodda. Á miðanum voru foreldrar og forráðamenn ungra og efnilegra hestamanna góðfúslega minntir á sína félagslegu ábyrgð að viðhalda lífi í hestamennsku þeirra sem yngri eru. 26. febrúar, fimmtudagur. Fundur æskulýðsnefndar LH með æskulýðsnefndum hestamannafélaganna á Vesturlandi, haldinn á Æðarodda. Aðeins mættu fulltrúar frá Dreyra á fundinn ásamt hinu góða nefndarfólki LH. Fundurinn var gagnlegur engu að síður.

Mars: 1. mars, sunnudagur, alþjóðlegi æskulýðsdagurinn. Fjölskyldureiðtúr í Æðarodda.

Alls riðu úr hlaði 12 knapar, bæði ungir og aðeins eldri. Sjá mátti í hópnum nokkra nýja knapa sem eru að fara í sína fyrstu reiðtúra og stóðu þeir sig mjög vel. Riðinn var hringur um Innstavigsnesið en þangað höfðu fáir í hópnum farið áður þó þeir hafi verið í nábyli við staðinn um nokkurt skeið. Leiðin lá síðan að Einhamri þar sem ábúendur, Hjörleifur og Sif, buðu öllum inn (bæði hestum og knöpum) í hressingu. Frá Einhamri var síðan riðið hratt en tignarlega heim að Æðarodda í ágengu slydduveðri.

Boðið var upp á sameiginlega ferð frá Æðarodda á fyrri sýninguna sunnudaginn 15. mars. Nokkrir Dreyramenn tóku því boði, en annars fóru krakkarnir líka með fjölskyldum sínum á eigin vegum á aðrar sýningar helgarinnar. Einn áhugasamur knapi frá Dreyra tók þátt í skautreiðinni og var afar stoltur og ánægður með þátttöku sína eins og sjá má af myndinni. Áhugi er hjá nefndinni að fleiri krakkar taki þátt í skautreiðinni á næsta ári.

22. mars, sunnudagur. Fjölskyldureiðtúr á Æðarodda.

Um 15 knapar tóku þátt að þessu sinni, og virðist þátttaka foreldra í viðburðum nefndarinnar vera að aukast. Að þessu sinni var riðið fjöruna í Blautósi og í áttina að Hvítanesi og svo til baka. Þegar reiðtúr var lokið var boðið upp á hressingu í félagsheimilinu.



28. mars, laugardagur. Sameiginlega árshátíð æskulýðsnefnda hestamannafélaga á Vesturlandi. Árshátíðin var haldin í félagsheimili Skugga í Borgarnesi. Ágæt þátttaka var frá félögunum og um 50 krakkar mættu til leiks í Borgarnesi, frá Skugga, Faxa, Snæfellingi og Dreyra. 9 börn frá Dreyra tóku þátt ásamt nefndarmönnum. Hvert félag kom með skemmtiatriði, og allir krakkarnir kynntu sig og tóku þátt af lífi og sál. Dreyrakrakkarnir stóðu sig sérlega vel í ógleymanlegri leiksýningu þeirra á Rauðhettu og úlfinum með sérstari textameðhöndlun. Síðan var borðað saman og dansað fram eftir kvöldi, ásamt ýmsum leikjum og glensi. Nefndarmenn eru einhuga um að slíka uppákomu er nauðsynlegt að endurtaka á nýju ári og getur verið mjög góður og skemmtilegri þáttur í meiri samvinnu félaganna á Vesturlandi.

19.apríl, sunnudagur. Fjölskyldureiðtúr á Æðarodda. Eitthvað er farið að þynnast í hópnum eftir páskana en 8 knapar, börn með foreldrum mættu í stuttan en skemmtilegan reiðtúr.

20.-27. apríl og 4.maí. Reiðnámskeið með Torunni Hjervik. 16 krakkar frá 5 til 17 ára voru skráð á námskeiðið. Krökkunum var skipt í 4 hópa eftir aldri og getu. Gert var ráð fyrir að kennslan færi fram úti í stóra gerðinu en það voru ekki beint léttir vorvindar sem léku við okkur þessa daga. Frétt af heimasíðu Dreyra: ([www.ia.is / hestamennska](http://www.ia.is/hestamennska)), „Vorreidnámskeið æskulýðsnefndar Dreyra hófst síðastliðinn mánudag með tilheyrandi slagveðurs rigningu og roki. Svo virðist sem að slík veðurlýsing haldist ávalt í hendur við námskeiðshald fyrir börn og unglíng á Æðarodda. Útlit var fyrir að fyrsta tíma námskeiðsins yrði frestað vegna veðurs. En að þessu sinni var leikið á veðurfirrvöld því þau sómahjón, Sigurveig Stefánsdóttir og Jón Árnason kennd við Skipaskaga, buðu öllum inn í reiðskemmuna sem nú er í byggingu við hesthúsið þeirra. Mánudagstíminn fór því fram inni í skjóli fyrir veðri, vatni og vindum. Æskulýðsnefnd Dreyra getur ekki leynt gleði sinni og þakklæti til Sigurveigar og Jóns fyrir húsaskjólið. Reglulegur aðgangur að reiðskemmu á Æðarodda fyrir börn og unglíng í Dreyra gæti orðið mikil lyftistöng fyrir starfið og er í raun orðið nauðsynlegt ætli félagið að vera samstíga öðrum hestamannafélögum í landinu. Þá væri t.d hægt að bjóða upp á námskeið að vetri til sem ekki er hægt í dag. Torunn Hjervik í Steinsholti er kennari námskeiðsins og er aðsókn mjög góð.“

1. maí, fimmtudagur, Firmakeppni Dreyra. Þátttaka í yngri flokkum var með ágætum, eða alls 8 krakkar sem er meira en oft áður. Gaman var að sjá að nokkrir keppendur í barnaflokki mættu í búningum til að lífga upp á daginn eins og þeirra ástkæra æskulýðsnefnd hafði lagt til. Börnin riðu nokkra hringi á hringvellingum, misvön sýningum og var ekki annað að sjá að þau væru ánægð með lífið og tilveruna og fá að njóta athygli áhorfenda.

3. maí, sunnudagur. Heimsókn í Steinsholt. 8 krakkar og nefndarmenn sóttu heim ábúendur í Steinsholti í Hvalfjarðarsveit. En þar býr og starfar, tamningamaðurinn

Jakob Sigurðsson og fjölskylda við tamningar. Sumir komu akandi frá Akranesi en aðrir komu ríðandi úr nágrenninu. Torunn Hejlvik og Margrét Jakobsdóttir tóku á móti okkur og skýrði Torunn út fyrir gestum hvað það væri nú sem tamningamenn væru að gera allan daginn. Svaraði hún öllum spurningum fimlega og fróðlega. Einnig sýndi hún okkur nokkrar teymingaræfingar með hesti inni í reiðskemmuni. Gestir fengu svo að skoða alla aðstöðuna og gæddu sér á gómsætum veitingum í kaffistofunni. Takk fyrir móttökurnar.

17. maí, sunnudagur. Fjölskyldureiðtúr. Að þessu sinni mættu bara tveir og fóru þeir að sjálfsögðu í reiðtúr og tóku nokkrar æfingar í gerðinu. 19.maí, þriðjudagur. Litabók LH og leikir, fyrir 5-10 ára. 6 börn á aldursbilinu mættu með litina sína og fengu litabækur LH. Eftir rólegheita stund við listsköpun var svo farið í nokkra leiki og allir fengu sér svo að sjálfsögðu hressingu.

24. maí, sunnudagur. Fjör í gerðinu. Nefndarmenn höfðu nokkru áður fjárfest í og safnað að sér t.d timbri í viðeigandi stærðum, málningu, sementi, plastfötum, plastflöskum, 10 rafgirðingarstaurum og 200 m snúrubandi. Síðan var tekið til við að útbúa búnað fyrir hina ýmsu þrautir. Nelgdar voru saman undirstöður fyrir hindrunarstökk og/ eða brokkspýrur, rafgirðingarstaurarnir steypir ofan í plastföturnar, og allt málað og merkt félaginu. Þennan sunnudag var síðan sett upp þrautabraut í stóra gerðinu, sem gekk út á að leysa ýmsar þrautir á hestbaki, s.s að setja lítinn stein í plastflösku sem hékk við gerðið, stökkva yfir lágar hindranir og fara í gegnum „völundarhús“ Að þessu loknu var skipt í 2 lið og farið í hestafótbolta. Boltinn sem var notaður er gamall „jóga/sjúkraþjálfunar“-bolti. Í fyrstu voru hrossin hálffeimin við boltann en eftir örskamma stund voru allir farnir að taka þátt og gaman var að fylgjast með hvernig ólíkar hesttýpur brugðust skemmtilega við þessum nýja leik. Hestgerðir sem fyrirfram virtust ekki best til fótboltaíðkunar fallnar komu ótrúlega á óvart og sýndu mikinn áhuga á að komast í tæri við boltann. Í það minnsta var þetta hin besta skemmtun fyrir unga og aldna. Í heild tóku 12 manns, börn+fullorðnir, þátt.

28.maí,fimmtudagur.Æfing yngri flokka fyrir gæðingamót Dreyra. Nefndin bað Valdimar M. Ólafsson gæðingadómar og Dreyrafélaga til að leiðbeina keppendum sem skráðir voru til leiks á gæðingamóti Dreyra. 8 keppendur frá aldrinum 10 – 21 árs þáðu þessa leiðsögn. Mikið var í húfi þar sem gæðingamótið (30.maí) var einnig úrtaka Dreyra fyrir fjórðungsmótið á Kaldármelum. Æfingin tókst vel og þó nokkrar væntingar um vænlegt gengi farnar að svífa um kollinn á keppendum. Æskulýðsnefndin þakkar Valdimar kærlega fyrir aðstöðina.

30. maí, laugardagur. Gæðingakeppni Dreyra. 10 skráningar voru í heild í yngri flokkum (barna,-unglíngr – og ungmennaflokki). Frammistaða yngri keppenda var mjög góð og náðu efstu sætin góðum einkunum.

Júní. 5.-7.júní. fös – sun. Hestahelgi á Æðarodda. Dagskrá þessarar helgar var byggð upp af ýmsum uppákomum s.s útreiðar, þrautir, fjölskyldureiðtúrum, hestafótbolti og samvera. Þátttakendur voru um 15-20, á aldursbilinu 6-15 ára ásamt foreldrum, en áhugi þeirra á starfinu hefur aukist mikið í vetur. Á föstudagskvöldi var farið í þrautaleiki í gerðinu á hestbaki og útreiðar að því loknu við rætur Akrafjalls og næsta umhverfi Æðarodda. Ekki var brugðið út af vananum að þessu sinni og allir fengu léttu næringu í félagsheimilinu. Á laugardegi var farið í hindrunarstökk og hestafótbolta. Það var ánægjulegt að sjá hvernig öruggir knapar og hestar þeirra tóku stórstígum framförum við að riða yfir nokkrar brokkspýrur sem lágu á jörðinni og upp í það að stökkva yfir hindranir í ca. hálf meters hæð. Eftir að krakkarnir voru farnir að ná tókum á þessu var erfitt að fá þau til að hætta. Hestafótboltinn var ævintýrlega skemmtilegur sem fáir gleyma er þátt tóku. Og þegar að leikar stóðu í 4-5, fyrir hinu liðnu þá sprakk boltinn. (ekki er ljóst hvernig leikar hefðu farið annars...!) En alveg er ljóst að nefndin þarf að útvega annan slíkan (eða nokkra) fyrir næsta ár. Að þessari skemmtun lokinni var sest í góðri lautu og allur hópurinn nærði sig á góðu nesti. Á sunnudegi var farið í góðan reiðtúr í fjörunni í Blautós út að Hvítanesi, þar sem nestað var í sandinum og svo riðið heim. Þar sem að reiðtygin voru orðin heldur óhrein var svo sett upp kennslustund í hvernig á að þrifa reiðtygi og bera á þau á eftir. Allir knapar, stórir og minni, þrifu sín reiðtygi bæði hnakk og beisli og báru leðurfeiti á á eftir. Eftir restina af kókómjólki og kexi var svo þessari frábæru helgi lokið og allir fóru brosandir heim.

Júní- Æfingar fyrir fjórðungsmót. Nefndin fékk Lárus Hannesson reiðkennara úr Stykkishólmi til að koma og aðstoða keppendur Dreyra í yngri flokkum, 10 – 21 árs, fyrir fjórðungsmótið. Lárus kom þrisvar sinnum til okkar á Æðarodda í júní og síðan fengu allir æfingar með honum á Kaldármelum fyrir keppni.

Fjórðungsmót á Kaldármelum, 2.-5.júlí. Keppendur Dreyra: Barnaflokkur: Þorsteinn Már Ólafsson, Logi Örn Axel Ingvarsson og Arnór Hugi Sigurðarson, Unglingaflokkur: Svandís Lilja Stefánsdóttir, Ungmennaflokkur: Valdís Ýr Ólafsdóttir, Jón Ottesen og Guðbjartur Þór Stefánsson. Frammiðaða þeirra í brautinni var öll með ágætum en heppnin var þó ekki alveg með öllum í liði og með örlitilli lukku hefði árangurinn getað orðið stórglæsilegur. Hæst ber árangur Valdísar Ýrar sem varð í 2.sæti í ungmennaflokki. Fulltrúar Dreyra í hópreið mótsins voru að stærstum hluta yngri knaparnir sem voru félaginu til mikils sóma.

Október. Gert var ráð fyrir í starfsáætlun 2009 að halda námskeið í höfuðleðra- og einfaldri reiðtygjagerð nú í október, fyrir alla fjölskylduna. Búið var að ráða Jón Sigurðsson söðlasmið í Garðabæ til verksins. Nú hefur verið ákveðið að fresta því námskeiði fram yfir áramót og halda það í samvinnu við fræðslunefnd félagsins.

Starfið á árinu 2009 hefur í heild gengið vel. Alla vega er ljóst að það er að verða meiri almennur áhugi hjá foreldrum að taka þátt í skipulögðum viðburðum nefndarinnar og fleiri börn sjást með foreldrum sínum á hestbaki í hestahúsahverfinu á Æðarodda. Það er von og vísir að enn meiri þátttöku barnanna og foreldrum þeirra í starfinu. Börn á aldursbilinu 5-12 ára er fjölmennastur í starfinu, (ca 10-15) en unglingarnir eru heldur fálíðaðir eins og er(2-4). Ungmennin hafa verið virk og dugleg undanfarin ár, en nú eru þau flest að vaxa upp úr þeim aldursflokki og miðað við núverandi þátttöku ungs fólks á bilinu 18-21 árs, má búast við hálfgerðu tómarúmi í þeim flokki næstu ár. Æskulýðsnefnd Dreyra hefur reynt hvað hún getur til að búa til umgjörð og starfsemi til að taka á móti áhugasömum ungum hestamönnum og reynt að virkja áhuga þeirra enn meira með fjölbreyttu starfi. Við höfum búið við hálfgerð aðstöðuleysi (miðað við önnur félög) hvað varðar námskeiðahald inni. En nú er bjartara framundan þegar reiðskemman í einkaeigu er risin í Æðarodda og vonumst við innilega eftir góðu samstarfi við reiðskemmueigendur í framtíðinni. Á reiðnámskeiðinu í vor sýndi það sig berlega hversu mikill fjársjóður slík aðstaða er fyrir starf með börnum og unglingum allan ársins kring.

Æskulýðsnefnd Dreyra.
Ása Hólmarsdóttir, Helena Bergström
og Ragnheiður Stefánsdóttir.

Hnefaleikafélags Akraness

HAK var formlega stofnað 28 febrúar 2008. Stjórnin hittist 10 sinnum á sínu fyrsta starfsári, og 7 sinnum á öðru ári. Fyrir einu og hálfu ári fékk stjórnin aðstöðu fyrir HAK inn í golfaðstöðu í kjallara íþróttahússins að Vesturgötu. Þar voru hengdir upp boxpúðar og settur upp æfingahringur. Einnig voru ráðnir þjálfarar. Í byrjun haustsins var svo ráðist í kaup á búnaði fyrir félagið enda var sá búnaður sem fyrir var orðin mjög lélegur og illa lyktandi af gömlum svita. Vegna falls krónunnar reyndust kaupin mun dýrari en upphaflega var stefnt að.

Skráðir félagar í haust voru 70 talsins, en þegar kom að því að greiða félagsgjöldin fækkaði í hópnum og eru nú um 60 borgandi félagar. Iðkendur er skipt í 5 hópa, einn stelpuhóp og þrjá karlkyns hópa, yngri, eldri og „Old Boys“. Einnig eru haldnar aukaæfingar fyrir Keppnishóp. Hver hópur æfði 3 sinnum í viku eða oftar. Nokkrir iðkendur tóku þátt í keppnum í vetur og stóðu sig mjög vel.

Það komu tveir þjálfarar í heimsókn til okkar á árinu. Í fyrsta skiptið kom Fabio frá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur í heimsókn á Skagann og sá um tvær æfingar. Í seinna skiptið kom Daði Ástþórsson frá Hnefaleikafélagi Reykjaness og tók eina æfingu samhliða Örnólfi. Bæði Daði og Fabio búa af mikilli reynslu í hnefaleikum og lærðu bæði nemendur okkar og þjálfarar mikið af þessum heimsóknum. Arnór og Örnólfur hafa báðir verið mjög duglegir við að sækja



æfingar til Reykjavíkur, bæði til Fabio og til Villa hjá Hnefaleikastöðinni og þeir hafa lært heilmikið af því.

HAK tilnefndi engan hnefaleikamann ársins 2009, því að það keppti enginn frá HAK árið 2009.

Það er stefna félagsins að festa hnefaleika í sessi sem valkost í íþróttaflokkum Akraness. Til að svo megi verða er mikilvægt að félagið fái endurbætur á þeirri aðstöðu sem byggð hefur verið upp í kjallara íþróttahússins við Vesturgötu.

Stjórn félagsins

Sigurður Bjarnason, formaður

Grímur Arnórsson, gjaldkeri

Þorleifur Örnólfsson, ritari

Örnólfur Þorleifsson, meðstjórnandi og yfirþjálfari

Þjálfarar

Þjálfarar voru Örnólfur Þorleifsson, Alexander Þorleifsson, Arnór Grímsson og Sigurbjörn Gíslason. Örnólfur hefur haft yfirumsjón með öllum æfingum, og hann hefur einnig lagt sig fram um að sækja faglegar upplýsingar og þekkingu til allra bestu hnefaleikaþjálfara landsins.

Íþróttafélagið Þjótur

Stjórn Þjóts 2009-2010.

Ólöf Guðmundsdóttir, formaður

Magnús B. Guðmundsdóttir, varaformaður

Harpa Sif Þráinsdóttir, ritari

Soffía Pétursdóttir, gjaldkeri

Sylvía Guðmundsdóttir, meðstjórnandi.

Varamenn: Sigurður A. Sigurðsson.

Lindberg M. Scott.

Nýárssundmót barna og unglinga haldið 4.jan.'09 í Reykjavík: Þar tók 1 keppandi frá Þjóti þátt í mótinu.

Æfingar hófust 7. janúar'09. í boccia, fótbolta, keilu og sundi. Þjálfarar á vorönn: Sund Harpa S. Þráinsdóttir/ Soffía Pétursdóttir hjá eldri iðkendum, yngri iðkendum Ragnheiður Runólfssdóttir. Ólöf Guðmundsdóttir, Freyja Þ. Smáradóttir og Guðmundur I .Gunnarsson í boccia jafnframt sér Guðmundur I .Gunnarsson um fótboltaæfingar.

Bocciaæfingar voru x 2 í viku sund eldri og yngri x 2 viku keila x1 í viku hjá eldri og yngri iðkendumog iðkendum voru á bilinu 20-25 er æfðu reglulega. Á vorönn bauð Badmintonfélag Akraness, iðkendum Þjóts að æfa badminton x1 í viku og þáðu það 2-3 iðkendum.

Aðalfundur ÍF. var haldinn í Reykjavík 16 maí 2009. Formaður félagsins og Sigurður A. Sigurðsson fóru fyrir hönd Þjóts.

Íslandsmót ÍF í frjálsum íþróttum innanhúss 20-22 mars 2009.

Frá Þjóti fóru 1 keppandi á mótið Andri Jónsson er hlaut 1 sætið í 60 m og 200m hlaupi ásamt 3 sæti í langstökki.

Íslandsmót ÍF í bogfimi, lyftingum boccia og sundi fór fram helgina 20-22 mars. Keppnin fór fram í íþróttahúsinu Laugardal, sundlauginni Laugardal og Hátúni 14.

Fimm sveitir tóku þátt í boccia ekki var unnið til verðlauna að þessu sinni. En 1. sveit náði 4 sæti. Í sundi voru síðan 5 keppendur. Þar lenti Laufey María Vilhelmsdóttir í 4 sæti í 100 m. baksundi. Emma R. lenti í 3 sæti í 100m baksundi. Guðmundur Örn náði 4 sæti í 100m baksundi.

Aðalfundur félagsins fór fram 15 apríl í Brekkubæjarskóla.

Fundarstjóri var Pétur Ottesen. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf kosning formanns og stjórnarkjör annarra stjórnarmanna, ásamt afhendingu viðurkenninga. Hvatningarbikar ÍF. hlaut Laufey María Vilhelmsdóttir í annað sinn. Minningarbikar um Lýð Hjalmarsson hlaut Sigurður A. Sigurðsson. Formaður félagsins Ólöf Guðmundsdóttir var endurkjörin ásamt sitjandi stjórn. Ásgeir Sigurðsson varastjórn gaf ekki kost á sér áfram og var Lindberg M. Scott kosinn í hans stað.

Stjórn starfsársins 2009-2010 er skipuð þannig:

Ólöf Guðmundsdóttir, formaður, Magnús B. Guðmundsdóttir varaformaður, Harpa Sif Þráinsdóttir, ritari, Soffía Pétursdóttir, gjaldkeri, Sylvía Guðmundsdóttir, meðstjórnandi. Varamenn Sigurður A. Sigurðsson, Lindberg M. Scott.

30/4-2 maí '09 var Hængsmótið á Akureyri haldið. Þangað fóru alls 9 manns og 3 fararstjórnar frá Þjóti. Farið var í samfloti með Suðra frá Selfossi og á einkabílum. Gist var á Hótel KEA og í Hótelíbúðum. Var ferðin í alla staði ánægjuleg.

Vormót Aspar fór fram í maí '09. Þangað fóru nokkrir keppendur frá Þjóti og stóðu sig af stakri þrýði.

Lokadagur vetraræfinga félagsins var 13 maí 2009 og var þá farið út að borða á Galito.

Önnur mót: Laufey María Vilhelmsdóttir tók þátt í ýmsum öðrum mótum með Sundfélagi Akraness á árinu og meðal annars náði Laufey 3 sæti í 100 m. skriðsundi á Akranesmeistarasundmótinu. Emma R. Björnsdóttir náði 2 sæti

í 50m baksundi og 100m baksundi á RIG mótinu. Áslaug Þorsteinsdóttir náði 4 sæti í 100m baksundi á sama móti.

Íslandsmót ÍF í frjálsum íþróttum utanhúss júní 2009. Frá Þjóti fóru 1 keppandi á mótið Andri Jónsson er hreppti 1 sæti í 60m og 200m hlaupi.

Norræna barna og unglingamótið haldið í Svíþjóð júlí 2009. Þangað fór Laufey María Vilhelmsdóttir fyrir Íslands hönd.

Vetrarstarfið hófst að nýju 11. september '09. Æfingar voru með hefðbundnu sniði líkt og áður. Boccia x 2 í viku ásamt sundi x 2 í viku fyrir eldri iðkendur og x 2 í viku fyrir yngri iðkendur. Þjálfarar voru. Sund: Soffía Pétursdóttir. Sund hjá yngri iðkendum þjálfari Ragnheiður Runólfssdóttir. Boccia: Ólöf Guðmundsdóttir, Guðmundur I. Gunnarsson, og Freyja Þ. Smáradóttir. Guðmundur I. Gunnarsson sá um fótboltaæfingar x1 í viku. Einnig var boðið upp á keilutíma x 1 í viku undir stjórn Keilufélags Akraness fyrir bæði yngri og eldri iðkendur.

Fjarðarmótið í sundi var haldið í október '09 í Ásvallalauginni í Hafnarfirði. Emma R. Björnsdóttir hlaut 1 sæti í 100m fjórsundi og 2 sæti í 50m bringusundi.

Laufey María Vilhelmsdóttir hlaut 2 sætið í 50 m. flugsundi. Áslaug Þorsteinsdóttir varð í 3 sæti í 50m baksundi. Guðmundur Örn Björnsson varð í 3 sæti í 50m baksundi.

Dagana 28-29 nóvember 2009 var Íslandsmót ÍF. í sundi í 25 metra laug í innilauginni í Laugardal. Laufey M. Vilhelmsdóttir varð í 3 sæti í 50 m baksundi og 3 sæti í 50m skriðsundi. Áslaug Þorsteinsdóttir hlaut 3 sætið í 50m bringusundi og 3 sæti í 100m baksundi.

2-4 október'09. Fór fram Íslandsmót í boccia í einstaklingskeppni á Selfossi undir forystu Íþróttafélagsins Suðra. En alls fóru 9 keppendur frá Þjóti á mótið og 2 fararstjórar. Farið var í samfloti með Grósku frá Sauðárkróki og á einkabílum. Gist var á Hótel Örk í Hveragerði. Var ferðin í alla staði hin ánægjulegasta. Einar Sigurðsson komst í úrslit í 3 deild og keppir því í 2 deild að ári. Ásgeir Sigurðsson og Áslaug Þorsteinsdóttir komust einnig í úrslit í 2 deild og keppa því í 1 deild að ári.

Lionsmót Lionsklúbbs Akraness og Þjóts fór fram 22. nóvember 2009 í íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi. Alls sóttu okkur heim 5 önnur aðildarfélög ÍF. Úrslit þjótur hlaut 1 sætið og þá sveit skipuðu Lindberg, Anton og Einar. Í öðru sæti lenti sveit frá Nes og í því þriðja sveit frá Suðra. 1-3 sæti. Lionsmenn sáu alfarið um dómgæslu ásamt því að gefa verðlaun og bjóða upp á veitingar að móti afloknu.

Innanfélagsmót í boccia og fór fram í desember'09.

Guðmundur Örn Björnsson hlaut titilinn bocciameistari Þjóts árið 2009, titlinum fylgir farandbikar.

Lokaæfingar hjá félaginu fyrir jól var 14 desember 2009 og var farið á Galito.

Andri Jónsson var kjörinn íþróttamaður Þjóts árið 2009.



Styrkir: Félagið hlaut 250.000 kr. styrk frá Akraneskaupstað vegna íþróttastarfsins. Jafnframt gaf fyrrum félag málmiðnaðarmanna á Akranesi, þ.e. Sveinafélags málmiðnaðarmanna á Akranesi félaginu rúmar 170,000 kr. Fjárafilanir félagsins voru með hefðbundnu sniði á árinu þ.e. jólakortasala sem er ein okkar helsta tekjulind og gekk hún vel að venju.

Lokaorð.

Árið 2009 var í heildina gott ár hjá félaginu líkt og undanfarin ár. Lítil nýliðun var hjá félaginu á árinu. En það er kominn kjarni yngri iðkenda og eldri er æfa markvisst hjá félaginu í þeim greinum sem boðið er upp á og er það ánægjulegt. Markmið félagsins líkt og endranær er að veita fólki með fötlun tækifæri til að stunda heilbrigðar tómstundir og að allir iðkendur geti fundið eitthvað við sitt hæfi og aukið þannig lífsgæði sín. Félagsmönnum, þjálfurum, aðstoðarmönnum og starfsmönnum íþróttamannvirkja þökkum við ánægjulegt samstarf á liðnu ári og öllum velunnurum félagsins færur við kærar þakkar fyrir stuðninginn á árinu.

*F.h. stjórnar Þjóts,
Ólöf Guðmundsdóttir, formaður*

Karatefélag Akraness

Árið 2009 var mjög gott hjá Karatefélagi Akraness.

Stjórn félagsins skipuðu:

Ágústa Rósa Andrésdóttir, formaður
Helga Arnardóttir, gjaldkeri
Ágústa Árnadóttir, varaformaður
Eyrún Jóna Reynisdóttir, meðstjórnandi
Helgi Hauksson, meðstjórnandi
Einar Þórarinnsson, meðstjórnandi

Yfirþjálfari Karatefélags Akraness er Einar Hagen og sá hann um þjálfun þriggja flokka innan félagsins. Ágústa



Rósa Andrésdóttir, Einar Þórarinnsson og Hafdís Erla Helgadóttir sáu um þjálfun yngri iðkenda.

Nokkrir einstaklingar úr afrekshópi Karatefélagsins fóru í æfingabúðir í Fredriksstad í Noregi sem haldnar voru í lok júní og þóttu þær æfingabúðir heppnast mjög vel. Þar voru fimm heimsklassaþjálfarar sem sáu um þjálfun og er það mikil lífsreynsla fyrir karateiðkendur að fá að æfa undir handleiðslu þessara þjálfara.

og var mikil ánægja með þær hjá okkar fólki.

Í desember var Aðalheiður Rósa Harðardóttir kosin Karatemaður Akraness.

Hún náði mjög góðum árangri á árinu 2009 og þykir vera með bestu kata konum landsins.

Árangur á mótum 2009

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í kata sem haldið var 24.febrúar varð Aðalheiður Rósa Harðardóttir íslandsmeistari í kata unglunga fæddir 1992-1993 og varð Dagný Björk Egilsdóttir í öðru sæti og Hafdís Erla Helgadóttir varð í þriðja sæti í sama flokki.

Í mars var svo valið í unglingalandslið Íslands í karate til að keppa á Svenska Katapokalen í Svíþjóð og var Aðalheiður valin til fararinnar frá karatefélagi Akraness. Aðalheiður varð í þriðja sæti í sínum aldursflokki í kata og er það mjög góður árangur á þessu opna alþjóðlega móti og vann hún í hópkata ásamt Diljá Guðmundsdóttur og Heklu Helgadóttur báðar úr karatefélaginu Þórshamri. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í kata sem haldið var 28.mars náðist mjög góður árangur einnig. Aðalheiður varð í öðru sæti og Dagný Björk og Hafdís Erla urðu í þriðja sæti í fullorðinsflokki í einstaklingskata. Í hópkata urðu Eydís Líndal, Aðalheiður og Dagný Björk í öðru sæti og Bergþóra Sveinsdóttir, Valgerður Jóhannsdóttir og Hafdís Erla í þriðja sæti. Þann 18.Apríl keppti Aðalheiður á Norð urlandameistaramótinu í karate og keppti hún þar í kata og stóð sig með þrýði. Einnig keppti hún á Copenhagen Open Karate Championship þann 3.október þar sem mættir voru heimstarar og evrópumeistarar til keppni og stóðu íslensku keppendurnir sig mjög vel.

Þann 11.október fór fram Íslandsmeistaramót unglunga í kumite. Á því móti varð Aðalheiður í öðru sæti í junior flokki 16-17 ára.

30. október fór síðan landsliðshópur á Stockholm Open og varð Aðalheiður þar í þriðja sæti í juniorflokki 16-17 ára

Á grand-prix mótaröðinni eftir tvö mót af þremur er Aðalheiður í fyrsta sæti í kata og öðru sæti í kumite og á bikarmótaröðinni er Aðalheiður í öðru sæti í kata og þriðja sæti í kumite

Að lokum

Árið 2009 var mjög gott hjá Karatefélagi Akraness. Félagið á bjarta framtíð fyrir sér og er með þónokkuð af efnilegum karatekrökkum og unglingum innan sinna vébanda

Keilufélag Akraness

Veturinn 2008 - 2009 kepptu 4 lið undir merkjum KFA ÍA í deildarkeppni í keilu. Gengi kvennaliðsins var svipað og fyrri ár og enduðu konurnar í 7 sæti. Nú á haustdögum var hinsvegar tekið á því og þegar þetta er ritað lítur allt út fyrir að liðið haldi 5 sæti af 8 og mun það vera besti árangur kvennanna til þessa. Karlaliðin voru 3, þar af var 1 lið í annari deild karla og 2 lið í efstu deild karla. Í annarri deild enduðu okkar menn í 9 sæti af 11. Í efstu deild urðu lið KFA ÍA í 4. og 5. Sæti af 10.

Íslandsmót Einstaklinga með forgjöf var halið í Öskjuhlíð í febrúar og varð Magnús Sigurjón Guðmundsson Íslandsmeistari karla eftir spennandi oddaleik. Á Íslandsmóti kvenna án forgjafar varð Vilborg Lúðvíksdóttir KFA í 6. Sæti. Og á Íslandsmóti karla án forgjafar varð Guðmundur Sigurðsson KFA einnig í 6.sæti.

Unglingastarfsemin var með hefðbundnum hætti. Unglingarnir eiga kost á að taka þátt í 3 mótum yfir veturinn. Meistarakeppni Ungmenna, Keppni Unglingaliða og Íslandsmóti Unglinga.

KFA ÍA náði í 4 Íslandsmeistara titla á Íslandsmóti Unglinga sem haldið var í Öskjuhlíð í febrúar. Gengi KFA í heildina í mótinu var mjög gott. Í 1.flokki pilta varð Skúli Freyr Sigurdsson KFA í fyrsta sæti, Guðlaugur Valgeirsson KFR í 2.sæti og Sigurður Björn Bjarkason KFK í 3.sæti. Steinunn Inga Guðmundsdóttir vann 2.flokk stúlkna. Í 3.flokki pilta varð Guðmundur Ingi Jónsson ÍR í 1.sæti, Aron Fannar Benteinsson KFA í 2.sæti og Guðmundur Gestur Garðarsson KFA í 3.sæti. Í 3.flokki stúlkna varð Natalía Jónsdóttir KFA í 3.sæti en Alda Ósk Valgeirsdóttir KFR varð í 1.sæti og Hafdís Pála Jónasdóttir KFR varð í 2.sæti. Elvar Kaprasíus Ólafsson vann 4.flokk pilta, í 2.sæti var Garðar Snær Björnsson KR og í 3.sæti var Birgir Vestmann Halldórsson KFA. Skúli Freyr sigraði opinn flokk pilta og Steinunn Inga Guðmundsdóttir varð í 2.sæti í opnum flokki stúlkna.

Í Meistarakeppni Ungmenna eru nokkrar umferðir yfir veturinn og að lokum varð Magnús Sigurjón Guðmundsson KFA í 2.sæti í 1.fl. Pílti og í 1.fl. Stúlkna varð Margrét Björg Jónsdóttir KFA. Skúli Freyr Sigurðsson KFA vann 2.fl. Pílti. Í 3.fl. Pílti varð Arnór Elís Kristjánsson KFA í 4.sæti og Steinunn Inga Guðmundsdóttir KFA vann 3.fl. Stúlkna. Í 4. Flokki pílti átti KFA marga þátttakendur. Aron Fannar Benteinsson lenti í 2. Sæti, Guðmundur Gestur Garðarsson lenti í 3.sæti, Gylfi Snær Sigurdsson í 5.sæti, Elvar Kaprasíus Ólafsson í 6.sæti, Bergþór Snær Elísson í 8.sæti, Sölvi Hrafn Kárasón í 10.sæti og Birgir Vestmann Halldórsson í 11.sæti. Í 4.fl. Stúlkna varð Natalía Jónsdóttir í 1.sæti.

Unglingaliðin voru 2 eins og undanfarin ár. Leiknar voru 5 umferðir yfir veturinn og urðu úrslit þannig að lið KFR var í 1.sæti, KFA ÍA 1 í 2. Sæti, lið ÍR í 3. Sæti og KFA ÍA 2 í 4.sæti. Árið 2009 voru foreldrar sérstaklega duglegir að fylgja börnum sínum eftir og mæta á mótin til að hvetja áfram og ástundun krakkanna hefur verið mjög góð og lítið brottfall.

Íþróttafélagið Þjótur var með 2 hóp á föstum æfingum 2009. Það eru eingöngu æfinga því lítið er í boði keppnislega hjá þessum hópi en væri alveg ráð að reyna að bæta þar úr þar sem að æfingarnar eru vel sóttar og allir hafa gott af því að spreyta sig við önnur félög.

FEBAN hefur ekki breytt sínum tímum og er að venju mánudaga og fimmtudaga milli 13-14 með sínar æfingar. Í lok hvers vetrar er haldin keppni og vorið 2009 var það Janus Bragi Sigurbjörnsson sem að vann keilubíkar FEBAN.

Í haust var tekin sú ákvörðun annað árið í röð að vera ekki með fyrirtækjakeppnina. Var talið að vélabúnaður Keilusals Akraness dygði einungis til að halda úti æfingaiðkun, deildarkeppni og unglingakeppni. Vonandi verður hægt að endurreisa þessa keppni á komandi árum.

Keilumaður ársins hjá Keilufélagi Akraness var Skúli Freyr Sigurðsson. Hann sýndi góðan árangur á síðasta ári. Skúli vann 2 íslandsmeistaratitla og vann 2.fl. Í Meistarakeppni

ungmenna. Skúli var valinn í unglingalandsliðið sem að fór um páskana 2009 til Malmö í Svíþjóð á Evrópumót ungmennta 18 ára og yngri. Skúli hefur samhliða eigin æfingum og keppni verið einn af aðalþjálfurum unglinganna hjá Keilufélaginu árið 2009.

*Fyrir hönd Keilufélags Akraness
Jónína Björg Magnúsdóttir.*

Knattspyrnufélag ÍA

Inngangur.

Starfsemi Knattspyrnufélags ÍA var blómleg á árinu 2009 þó svo að ekki hafi öll markmið félagsins á knattspyrnuvelli gengið eftir. Fjárhagslega er félagið með ágæta stöðu og góður efniviður ungs knattspyrnufólks í öllum flokkum. Á árinu 2009 gekk félagið í gegnum talsverða umræðu meðal félagsmanna um skipulag félagsins og niðurstaða þeirra umræðu leiddi til breytinga á lögum þess og starfsemi sem ætlað er að styrkja félagið enn frekar inn á við og út á við. Innan vébanda Knattspyrnufélags ÍA er stór hópur öflugs fólks sem leggur á sig mikla vinnu við að halda gangandi mikilvægri starfsemi í þágu ungs fólks, í þágu knattspyrnunnar á Akranesi og á Íslandi og í þágu stuðningsmanna félagsins sem eru að sjálfsögðu fjölmennir á Akranesi og reynda víða um land.

Stjórn Knattspyrnufélags ÍA var á árinu 2009 og til aðalfundar í nóvembermánuði skipuð eftirfarandi aðilum: Sigrún Ríkhardsdóttir, formaður, Sigurður Arnar Sigurðsson, ritari, Kjartan Kjartansson, gjaldkeri. Á aðalfundinum í nóvember var eins og áður sagði, gerðar lagabreytingar og breytingar á skipan stjórnar og voru eftirfarandi kosnir í stjórnina: Gísli Gíslason, formaður, Jóhanna Hallsdóttir, varaformaður, Magnús Daníel Brandsson, Sigrún Ríkhardsdóttir, Sigmundur Ámundason, gjaldkeri, Örn Gunnarsson, sem jafnframt er formaður Afrekssviðs og Ágústa Friðriksdóttir, sem er formaður Uppeldissviðs. Varamenn í stjórn félagsins eru Einar Benediktsson og Gunnhildur Björnsdóttir. Framkvæmdastjóri félagsins er Þórður Guðjónsson.

Í þeim lagabreytingum sem gerðar voru í nóvember fólst m.a. að settu voru í lög félagsins ákvæði um skiptingu starfseminnar í Afrekssvið og Uppeldissvið. Afrekssviðið vinnur með iðkendur frá þriðja aldursflokki og upp í meistaraflokk, en Uppeldissviðið með yngri iðkendur. Í stjórn Afrekssviðs voru kosnir auk Arnar Gunnarssonar, formanns sviðsins: Hafsteinn Gunnarsson, Margrét Ákadóttir, Alexander Högnason, Katla Hallsdóttir, en til vara Bryndís Jónsdóttir og Sigurður Sigursteinsson. Í stjórn Uppeldissviðs voru kosnir auk Ágústu Friðriksdóttur, formanns sviðsins: Lárus Ársælsson, Eiríkur Guðmundsson, Dána Carmen Llorens, Aðalheiður M. Þráinsdóttir en til vara Ólafur I. Guðmundsson og Ásta Benediktsdóttir.



Sérstök athygli er á því vakin að Knattspyrnufélag ÍA státtar af fólki í stjórnnum félagsins sem hefur góða reynslu af félagsmálum auk þess sem kynjaskipting er jöfn.

Á árinu 2009 voru starfandi þrjár rekstrarstjórnir. Í Rekstrarfélagi meistaraflokks og 2. flokks voru eftirfarandi aðilar: Gísli Gíslason, formaður, Örn Gunnarsson, Sigmundur Ámundason, Magnús Daníel Brandsson, Eiríkur Guðmundsson, Alexander Eiríksson og Sævar Jónsson.

Í stjórn kvennanefndar voru eftirfarandi: Þorbjörg Magnúsdóttir formaður, Jóhanna Hallsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Jóhanna Leópoldsdóttir og Laufey Skúladóttir.

Í stjórn unglinganefndar voru: Lárus Guðjónsson, formaður, Þorkell Logi Steinsson, Svava Ragnarsdóttir, Helga Sigvaldadóttir, Aðalheiður Þráinsdóttir, Díana Carmen Llorens og Sigrún Vigdís Gylfadóttir

Þeim sem gengu úr stjórnnum við breytingarnar á aðalfundinum í nóvember eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og óeigingjarnt framlag í þágu félagsins.

Viðburðir.

Að vanda stóðu einstakar rekstrarnefndir fyrir árlegum viðburðum svo sem Herrakvöldi, Konukvöldi, Sjávarréttarkvöldi, Samverustund eldri leikmanna og fleira. Tókust viðburðir þessir hið besta að vanda. Árið 2008 stóð Akraneskaupstaður í samvinnu við Íþróttabandalag Akraness og Knattspyrnufélagið fyrir svonefndum Kynslóðaleik, sem var mikill merkisviðburður. Á árinu 2009 var viðburður þessi gefinn út á DVD-disk. Þá skal nefnt að Haraldur Sturlaugsson í samvinnu við þá Helga Daníelsson og Friðþjóf Helgason opnuðu sýningu í tilefni 100 ára afmælis íþróttar á Akranesi og er knattspyrnan þar fyrirferðamikil. Sýningin er reyndar einstök heimild um knattspyrnuna á Akranesi og þann 23. janúar 2010 þegar 100 ár voru liðin frá stofnun Ungmennafélags Akraness var Haraldur Sturlaugsson útnefndur heiðursfélagi Knattspyrnufélags ÍA, auk þess sem Friðþjófi Helgasyni var afhent viðurkenning fyrir öflugan stuðning. Á Herrakvöldi félagsins þann 5. febrúar s.l. veitti félagið þeim Gísla Einarssyni, fréttamanni og Kjartani S. Finnssyni viðurkenningar fyrir traustan stuðning og samfylgd á liðnum árum.

Knattspyrnumál.

Þjálfarar Knattspyrnufélags ÍA á árinu 2009 voru eftirfarandi:

M.flokkur karla: Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, en í júlímánuði tók Þórður Þórðarson

við þjálfun liðsins.

2. flokkur karla: Ólafur og Steinar Adolfssynir.
3. flokkur karla: Jón Þór Hauksson.
4. flokkur karla: Lúðvík Gunnarsson
5. flokkur karla: Kári Steinn Reynisson
6. flokkur karla: Sigurjón Jónsson
7. flokkur karla: Alfreð Karlsson

Meistaraflokkur kvenna: Lúðvík Gunnarsson, en Jón Hugl Harðarson tók mið af honum undir lok tímabilsins.

2. flokkur kvenna: Var ekki starfræktur á árinu.

3. flokkur kvenna: Þórður Þórðarson, Halldóra Gylfadóttir leysti hann af hólmi þegar að Þórður tók við liði meistaraflokks karla.

4. flokkur kvenna: Ágúst Hrannar Valsson

5. flokkur kvenna: Áslaug Ákadóttir

6. flokkur kvenna: Steindóra Steinsdóttir

7. flokkur kvenna: Róbert Henn

8.flokkur karla og kvenna : Áslaug Ákadóttir og Margrét Ákadóttir

Yfirþjálfari félagsins: Þórður Þórðarson.

Árangur einstakra flokka var misjafn. Meistaraflokki karla tókst ekki það ætlunarverk sitt að komast upp í efstu deild og féll út í annarri umferð bikarkeppninnar. Meistaraflokkur kvenna lék í B-riðli 1.deildar og endaði þar í 6. sæti 2.flokkur karla endaði um miðja deild og féll út úr bikarkeppninni í fyrstu umferð. Þriðji flokkur karla endaði í miðri deild, strákarnir fóru einnig á mót í Danmörku og stóðu þeir sig vel þar. 3.fl.kvenna komst í úrslitaleik á Íslandsmótinu en tapaði í vítakeppni fyrir FH. 3.flokkur kvk fór einnig á mót í Danmörku svokallað Elitu-mót þar sem að sterkustu lið Evrópu mæta á svæðið, ekki voru úrslit þeim hliðholl en engu að síður voru þær okkur til sóma. 4.fl.karla endaði um miðjadeild. 4.fl.kvenna sömuleiðis fyrir miðri deild stelpurnar komust í úrslitaleik á Rey-cup en töpuðu leiknum. 5.fl.karla vantaði aðeins einn sigur til að komast í úrslit á Íslandsmótinu og tóku þeir svo þátt á N-1 mótinu á Akureyri og gekk öllum liðum ágætlega þar. 5.flokkur kvenna var fyrir miðri deild og einnig tóku stelpurnar þátt á Síamótinu í Kópavogi og komust í úrslitaleik en töpuðu þar fyrir naumlega. 6.fl.karla eldra árið fór til Eyja á Shell-mótið og komu þeir heim með bikar fyrir sigur í sinni deild. 6.fl.yngri fór á Nikulásarmótið sem er á Ólafsfirði og stóðu þeir sig vel þar. 6. og 7.flokkur kvenna fóru á Síamótið og stóðu þær sig mjög vel þar. 7. fl. karla tók að sjálfsögðu þátt á Kaupþingsmótinu hér á Skaganum og stóðu þeir sig allir mjög vel.

Einnig fóru flokkarnir á hin ýmsu mót og héldum við einnig mót í Akraneshöll. Mikill fjöldi krakka er að æfa fótbolta og á tímabili vorum við með um það bil 400 krakka að æfa fótbolta frá 4.ára aldri til 16.ára aldurs.

Unglinganefnd félagsins stóð að vanda fyrir Kaupþingsmótinu sem er eitt stærsta knattspyrnumót landsins fyrir 7. flokk. Mótið tókst afar vel og þátttakendur voru tæplega 1100, í 120 liðum. Áætlað er að um 6-7000 manns hafi fylgst með mótinu sem fór fram í blíðskapar veðri. Tókst öll framkvæmd og skipulagning mótsins með eindæmum vel. Allt mögulegt gistiþláss og tjaldstæði í bænum var nýtt, því fjöldi foreldra og aðstandenda fylgja þátttakendum á mótið. Voru það foreldrar, iðkendur og fjöldi annarra velunnara sem stóðu vaktir og unnu fórnfúst starf alla helgina og eiga þeir stóran þátt í vel heppnuðu móti.

Þar sem Kaupþingsmótið skilaði góðri afkomu ákvað stjórnin að öllum iðkendum skyldu gefnar stuttbuxur og

sokkar sem iðkendur skulu keppa í fyrir hönd ÍA. Var það afhent þeim í byrjun árs 2010.

Pappírs salan fór fram í apríl og september og hefur hún reynst félaginu drjúg tekjulind.

Fjárhagur:

Rekstur Knattspyrnufélags ÍA gekk vonum framár á árinu 2009. Hagnaður er af heildarrekstri félagsins og þrátt fyrir óverulegt tap af rekstri kvennanefndar þá skiluðu aðalstjórn, rekstrarfélags meistara- og 2. flokks og unglinganefndin góðum afgangi. Þetta er ánægjuleg niðurstaða í ljósi þess erfiða efnahagsástands sem ríkir. Ljóst er að fyrirtæki og einstaklingar halda tryggð við Knattspyrnufélag ÍA og er sérstök ástæða til þess að færa þeim sem styðja félagið þakki fyrir þann skilning sem sýndur er á starfsemi félagsins. Helstu stuðningsaðilar Knattspyrnufélags ÍA á árinu 2009 voru: VÍS, Norðurál, Íslandsbanki, Síminn, OLÍS, Húsasmiðjan, HB Grandi hf., Víðfell hf, Smellinn og Errea en ekki er stuðningur annarra smærri aðila síður mikilvægur.

Heildar tekjur Knattspyrnufélags ÍA á árinu 2009 voru:
94.604.705 kr.

Heildar rekstrargjöld KFÍA á árinu 2009 voru:
83.704.121 kr.

Handbært fé í lok árs var samtals:
16.151.620 kr.

Heildar skuldir félagsins voru:
4.747.666 kr.

Heildar viðskiptakröfur félagsins voru:
2.364.801 kr.

Hagnaður félagsins eftir fjármagnsliði var:
12.455.548 kr.

Alls voru 29 leikmenn á samningi við félagið, en þeir Vjeko Svadumovich og Dario Cingle riftu samningum sínum við KFÍA í aprílmánuði og hafa haft uppi fjárkröfur á félagið sem unnið er að lausn á. Aðeins einn fastur starfsmaður var hjá félaginu á árinu 2009, Þórður Guðjónsson framkvæmdastjóri, sem sinnti framkvæmdastjórn hjá rekstrarfélagi meistara- og 2. flokks allt til aðalfundar í nóvember, en frá þeim tíma og reyndar nokkru áður, hefur hann sinnt framkvæmdastjórn fyrir félagið í heild.

Stefnumótun.

Á árinu 2009 var unnið að stefnumótun fyrir félagið og var þeirri vinnu að mestu lokið í upphafi árs 2010. Liggur stefnumótun félagsins varðandi þau gildi sem félagið ætlar að vinna eftir nú fyrir. Þessi atriði varða m.a. þær kröfur sem félagið gerir til iðkenda, þær skyldur sem félagið tekur á sig, markmið þess varðandi þjálfun einstakra flokka, menntun þjálfara og fleira sem mikilvægt er að hafa að leiðarljósi í starfsemi félagsins. Megin kjarni stefnumótunarinnar er að byggja keppnislið félagsins í meistaraflokki, karla og kvenna, á leikmönnum sem aldir eru upp hjá félaginu. Mikilvægt er einnig að leita eftir því að ungir leikmenn af landsbyggðinni háfi áhuga á að



flytjast á Akranes í gott um uppbyggilegt umhverfi. Hluti stefnumótunarinnar felst einnig í þjálfun afrekshópa m.a. í samstarfi við Fjölbrotaskóla Vesturlands.

Nefndir.

Í lok árs 2009 voru skipaðar nokkrar starfsnefndir á vegum félagsins.

Nefnd um heimasíðu: Þeir Brandur Sigurjónsson og Kristleifur Brandsson tóku að sér að endurnýja heimasíðu félagsins.

Nefnd um málefni stuðningsmanna: Þau Sigrún Ríkharðsdóttir og Einar Benediktsson eru tengiliðir stjórnar við stuðningsfólk.

Nefnd um fræðslu- og félagsstarf: Nefndinni er ætlað að gera tillögur um fræðslu og námskeið fyrir iðkendur félagsins. Í nefndinni eru þau Anna Lilja Valdsdóttir, Sigurður Sigursteinsson og Sigurður Arnar Sigurðsson.

Þá hefur stjórn KFÍA farið þess á leit við Akraneskaupstað að taka yfir rekstur íþróttavallarins á Jaðarsbökkum ef það þykir fjárhagslega álitlegt. Viðræður hafa átt sér stað um málið en ef af því verkefni verður þá þarf slíkt að eiga sér stað nú á fyrri hluta ársins. Að auki yrði þá skipuð vallarnefnd sem tæki að sér faglegt eftirlit með rekstri vallarsvæðisins.

Stjórn KFÍA hefur sett Afrekssviði og Uppeldissviði erindisbréf þar sem rammi er settur um verkefni nefndanna. Einnig hefur verið sett erindisbréf um starfsemi foreldrafélaganna, sem gegna mikilvægu hlutverki í starfsemi yngri flokkanna.

Niðurlag:

Öllum er ljóst að rekstur Knattspyrnufélags ÍA er viðamikil verkefni þar sem treyst er á vinnu sjálfbóðaliða á ýmsum sviðum. Stjórn og framkvæmdastjóra félagsins er mikilvægt að fá til starfa eins marga og kostur er því verkefnin eru ærin. Fjármögnun íþróttafélaga byggir á velvild stuðningsaðila og sjálfböðavinnu og í þeim efnum er mikilvægt að félagið njóti áfram stöðu sinnar sem framsækið og söguríkt knattspyrnufélag. Árangur félagsins á knattspyrnuvellinum er vissulega það sem mestu máli skiptir. Góður árangur gerir starfið og fjármögnun þess

auðveldari. Hinu skal ekki gleyma að hlutverk félagsins er einnig að skila í gegnum flokka sína traustum og ábyrgum einstaklingum sem verða með tímanum liðsmenn í öðru starfi félagsins.

Þó svo að ekki hafi náðst sá árangur sem vænst var í leikjum og keppni þá er óhætt að fullyrða að KFÍA er á réttri leið hvað faglega uppbyggingu áhræri en sú vinna tekur tíma. Fjárhagur félagsins er traustur, en þar er brýnt að halda vöku varðandi útgjöld og leiðir til fjárflounar. Stjórn KFÍA færir öllum þeim sem lagt hafa félaginu lið á liðnu ári, hvort heldur er með stjórnarstörfum, sjálfboðaliðastarfi, fjárstuðningi og keppni.

*Gísli Gíslason, formaður stjórnar Knattspyrnufélags ÍA
Þórður Guðjónsson, framkvæmdastjóri
Knattspyrnufélags ÍA.*

Körfuknattleiksfélag Akraness

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi í mars á síðasta ári í henni voru

Snorri Elmarsson, formaður
Sigurður Hermannsson, gjaldkeri
Lárus Kjartansson, ritari
Brynjar Sigursson
Sigurður Sigurðsson
Guðjón Smári Guðmundsson
Kristmar Sigursson

Skömmu eftir að þessi nýja stjórn var skipuð vann meistaraflokkur sér inn sæti í

1 deild með því að vinna með miklum glæsibrag 2 deildina. Stjórnin hittist nokkuð reglulega um sumarið til að skipuleggja starf vetrarins, fjáraflanir og ráða þjálfara. Brynjar Sigursson var ráðinn þjálfari meistaraflokks og byrjaði hann strax æfingar um mitt sumar.

Í September hófu yngriflokkar æfingar, en það voru 5 flokkar sem æfðu undir merkjum körfuknattleiksfélagsins. Meistaraflokkur spilaði í 1 deild auk þess að taka þátt í bikarkeppni. Liðið vann 4 af 18 leikjum og lenti í næst neðsta sæti og fær því það hlutskipti að falla niður um deild. !0 flokkur tók þátt í Íslandsmóti og einnig

bikarkeppni, þjálfður af Lárusi Kjartanssyni, tók þessi flokkur miklum framförum og spilaði marga góða leiki undir traustri stjórn Lárusar. Haldið var út æfingum fyrir kvennaflokk undir stjórn Guðjóns Smára Guðmundsyni en hann lognaðist svo útaf vegna lélegrar mætingu, en svo undir lok tímabilsins var blásið nýju lífi í kvennaboltann þá undir stjórn Ómars Helgasonar. Minnibolti var þjálfður af Jóhannesi Helgasyni og Ómari Helgasyni. Flokkurinn tók þátt í tveimur stórum mótum á tímabilinu og stóðu sig með stakri þryði, mikil efni þar á ferð. Einnig voru æfingar hjá old boys tvisvar í viku í vetur.

Körfuknattleiks maður ársins 2009 var valin Hörður Nikulásson. Hörður var einn af lykil leikmönnum Körfuknattleiksfélags Akraness þegar liðið vann sig upp í 1. deild. Hann er öflugur sóknarmaður og sinnir íþótt sinni vel þrátt fyrir að vera í mjög krefjandi námi.

Skotfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi voru kjörnir í stjórn Skotfélags Akraness: Óskar Arnórsson, Bjarki Óskarsson, Unnar Fannarsson og Jón S. Ólason. Varamaður var kosinn Jón Valgeir Viggósson. Jón S. Hefur gengt formennsku þetta árið og Óskar gjaldkeri.

Lofthyssusalurinn á Vesturgötunni hefur verið vel nýttur og eru þar flesta daga einhver eða einhverjir við æfingar. Alls eru skráðar 548 mætingar í salinn á árinu 2009

Félagsmenn í Skotfélagi Akraness náðu hundraðinu á sl.ári og er stefnt að enn frekari fjölgun á þessu ári. Um 20 meðlimir félagsmenn eru virkir keppendur í dag sem er trúlega með hæsta hlutfalli sem þekktist hér á landi. Þátttaka Skotfélags Akraness í mótum Skotíþróttasambandsins hefur verið mjög góð og eigum við í dag mjög frambærilegt keppnisfólk.

Hið árlega Akranesmót í loftskammyssu og loftrifflí fór fram í maí og var þátttaka góð að venju og mættu 26 keppendur til keppni. Akranesmeistarar árið 2009 urðu þau Ómar Jónsson í karlaflokki og Laufey Gísladóttir í kvennaflokki og svo Pétur Ingi Jónsson og Steinunn Guðmundsdóttir í unglingaflokki.

Skammyssufólk SKA tók þátt í öllum mótum á mótaskrá liðins árs. Eignaðist félagið hvorki meira né minna en 7 Íslandsmeistarar á Íslandsmótinu 2009. Lofthyssufólk tók þátt í sænsku póstmóti nú eins og í fyrra og setti met í þátttöku frá einu félagi. Hér er um liðakeppni að ræða og keppt í þriggja manna liðum og tókst okkur að stilla upp 6 liðum eða 18 keppendum. Alls keppa um 400 manns í þessu móti og þar af 33 frá Íslandi.

Skeetvöllurinn var ágætlega nýttur sl. sumar en raunar dró það nokkuð úr að leirdúfur seldust upp í landinu. Félagar okkar í skotfélagi Reykjavíkur komu okkur þó til bjargar á meðan beðið var eftir dúfum og





lánuðu okkur af sínum birgðum þannig að hægt væri að koma vellinum í gang aftur. Þrír félagsmenn kepptu í skeet á árinu og unnu m.a. allir til verðlauna á nýársmótinu

Villibráðarkvöldið heppnaðist vel að vanda og voru um 40 manns mættir til að gæða sér á veitingum af hlaðborði sem hreinlega svignaði undan villibráðarkrásum sem félagsmenn höfðu eldað. Gísli S. Einarsson bæjarstjóri heilsaði upp á gesti á villibráðarkvöldinu og gat hann þess að það hafi komið honum verulega á óvart að sjá svo marga saman komna á vegum félagsins kvaðst hafa staðið í þeirri meiningu að SKA væri klúbbur örfárra manna. Við þetta tækifæri undirrituðu bæjarstjórinn og formaður félagsins nýjan samning um afnot af landinu þar sem skotvöllurinn er. Fyrri samningur um skotsvæðið var að renna út og er í raun um framlengingu á honum að ræða. Þó eru gerðar veigamiklar breytingar frá því sem var en m.a. var óheimilt skv fyrri samningi að stunda riffilskotfimi á svæðinu. Samningurinn er til 15 ára.

Guðmundur Sigurðsson var tilnefndur skotiþróttamaður ársins 2009. Hann keppti á velflestum mótum Skotiþróttasambandsins á árinu og hefur stöðugt verið að bæta sig. Hann er nú númer 9 á styrkleikalista STÍ. Guðmundur setti Akranesmet í keppni með loftrifflí á árinu og tvívegis Akranesmet með loftskammyssu.

Í framhaldi af undirritun á samningi um afnot af landi fyrir skotfélagið komust hugmyndir um betri aðstöðu á fullan skrið. Að vísu liggur nokkuð ljóst fyrir að erfitt er að fjármagna framkvæmdir eins og staðan er í þjóðfélaginu í dag en örugglega hægt með samstilltu átaki. Óskar Arnórsson gjaldkeri félagsins tók hressilega af skarið nú fyrir stuttu og ákvað að fjármagna úr eigin vasa kaup á trap vél til notkunar á svæðinu. Búið er að panta vélina sem er fullkomin velti (vobble) vél og dagaspursmál hvenær hún kemur. Það liggur því fyrir að félagsmenn verða að draga fram vinnugallann og mæta á svæðið í vor til að setja upp aðstöðu fyrir vélina. Draumurinn er að hægt verði að færa skeetvöllinn vestar en hann er og útbúa riffil/skammyssuvöll þar sem skeetvöllurinn er í dag og setja svo trapvélinu niður á milli þessara tveggja. Hugmyndir hafa

verið viðraðar um að bjóða Skotreinarmönnum aðstöðu hjá okkur en þeir eru orðnir aðstöðulausir.

Sundfélags- Akraness

Á síðasta aðalfundi Sundfélags Akraness þann 17. mars 2009, voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn og skiptu þannig með sér verkum:

Formaður: Gunnar H Kristinsson, varaformaður og bókarí: Harpa Hrönn Finnbogadóttir, gjaldkeri: Sigríður Ragnarsdóttir, ritari, meðstjórnendur: Rut Carol Hinriksdóttir, Helga Skúladóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir

Stjórnin fundar að jafnaði annan hvern þriðjudag. Auk þess sinnir stjórn vinnu við undirbúning og framkvæmd viðburða á vegum félagsins, s.s. sundmót, keppnisferðir, æfingabúðir, fjáraflanir og fleira.

Nokkrar breytingar urðu á skipan þjálfaramála á árinu. Jussi Kivekäs, sem hafði þjálfað tvo elstu hópana ákvað að halda aftrur heim til Finnlands eftir gott starf og var Mads Claussen ráðinn í stað hans, þó aðeins fyrir elsta hópinn. Ragnheiður Runólfssdóttir hefur séð um þjálfun B/C hóps, Höfrunga, Krossfiska, Fjörfiska og Garpa, auk þess að starfa með elstu hópnum okkar á mótum.

Bjarney Guðbjörnsdóttir þjálfar Seli 2 og 3 og Leifur Guðni Grétarsson þjálfar Seli 1 en Guðrún Carstensdóttir þjálfaði þann hóp fram í desember. Bjarney hefur að auki séð um afleysingar í öllum hópum.

Sigríður Helga Gunnarsdóttir íþróttakennari þjálfar Kópa 1 og 2.

Brian Daniel Marshall hefur komið að afleysingu elstu hópanna og margir núverandi og fyrrverandi sundmenn hafa aðstoðað við þjálfun yngri hópanna.

Færi ég þeim þakkið fyrir gott starf í þágu félagsins.

Verkefni á starfsári stjórnarinnar hafa verið fjölmörg og ætla ég að fara yfir þau helstu:

- Við eignuðumst tvo Íslandsmeistara á IM 50 í byrjun apríl en það voru þau Inga Elín Cryer og Hrafn Traustason. Mjög góður árangur náðist á mótinu og settu sundmennirnir m.a. 21 Akranesmet.
- Næsta verkefni var hefðbundið páskaeggjamót og páskafjör sem vekur alltaf lukku.
- Fjórir sundmenn félagsins sigruðu á sundmóti framhaldsskólanna sem fram fór þann 4. apríl.
- Á Ármannsmótið í apríl fórum við með elstu þrjá hópana.
- Bikarkeppnin í sundi var haldin í Reykjanesbæ 25. – 26. apríl og sendi Sundfélag Akraness lið til keppni í efstu deild kvenna og karla. Kvennasveitin varð í 4 sæti og karlasveitin í því fimmta og voru báðar sveitir ekki langt frá næstu sveitum á undan.

- Inga Elín Cryer setti á mótinu Íslandsmet í stúlknafllokki í 400 metra fjórsundi og var einnig valin í landslið Íslands fyrir Smáþjóðaleikana.
- Fyrstu helgina í maí sendi SA sendi 9 keppendur á Íslandmeistaramót garpa og komu þeir heim með 17 titla og tvö Íslandsmet.
- Um 60 krakkar frá SA tóku þátt í Sparisjóðsmóti ÍRB sem haldið var í Vatnaveröld í Reykjanesbæ og var árangur góður.
- Afrekshópur Sundfélags Akraness hélt í æfinga- og keppnisferð til Turku 20. – 29. maí. 10 sundmenn skipuðu hópinn auk þjálfara og fararstjóra. Ferðin var í alla staði vel heppnuð og vel tekið á móti okkur af sundfélaginu í Turku.
- Salome Jónsdóttir og Hrafn Traustason héldu beint frá æfingabúðunum með unglingalandsliðinu á sterkt mót í Noregi og stóðu sig mjög vel. Salome setti á mótinu glæsilegt Íslandsmet telpna í 200 metra flugsundi.
- Inga Elín Cryer tók þátt á Smáþjóðaleikum í byrjun júní. Hún stóð sig gríðarlega vel og sigraði m.a. í 400 metra fjórsundi á nýju Íslandsmeti kvenna.
- Á Akranesleikum var góð þátttaka og veðrið lék við okkur. Stigakeppnin var gríðarlega hörð en að lokum fór það svo að Sundfélag Akraness bar sigur úr býtum. Salome Jónsdóttir var stigahæsti sundmaðurinn og Fjölhnir fékk viðurkenningu sem þrúðasta liðið.
- 13. júní var Akranesmeistaramótið haldið. Þar setti Inga Elín nýtt íslenskt stúlknamet í 400 metra fjórsundi og er langt síðan Íslandsmet var slegið í lauginni. Akranesmeistarar urðu þau: Sólrún Sigþórsdóttir og Atli Vikar Ingimundarson í meylla og sveinaflokki, Salome Jónsdóttir og Kristinn Gauti Gunnarsson í telpna- og drengjaflokki og Inga Elín Cryer og Hrafn Traustason í flokki 15 ára og eldri. Þau Hrafn og Inga Elín áttu einni stigahæstu sund mótsins og urðu þar með Akranesmeistarar 2009.
- AMÍ var haldið á Akureyri. Alls unnu sundmenn Sundfélags Akraness til 39 einstaklingsverðlauna á mótinu, þar af urðu gullin 15. Alls urðu Akranesmetin 11 talsins og Íslandsmetin 2, sett af Salome og Ingu Elínu. Í lok móts er tilkynnt um stigahæstu sundmennina í hverjum flokki og að þessu sinni áttum við tvo í þeim hópi, þau Hrafn Traustason og Ingu Elínu Cryer. Aldursflokkameistara urðu þau Hrafn Traustason, Jón Þór Hallgrímsson, Birgir Viktor Hannesson, Inga Elín Cryer og Salome Jónsdóttir.
- Í byrjun júlí tók Inga Elín Cryer þátt á Evrópumóti unglinga í Prag og stóð sig vel á sínu fyrsta alþjóðlega stórmóti.
- Leifur Guðni Grétarsson keppti á Landsmóti ungmennafélaganna í júlí og vann þar fjölda greina en á þessu móti keppti hann fyrir UMF Skipaskaga.
- Salome Jónsdóttir og Birgir Viktor Hannesson kepptu fyrir Íslands hönd á Ólympíudögum æskunnar í Finnlandi um miðjan júlí. Þau stóðu sig frábærlega og setti Salome Íslandsmet telpna í 200 metra flugsundi og 400 metra fjórsundi á mótinu.



- Um verslunarmannahelgina tóku nokkrir sundmenn þátt í unglingalandsmótinu á Sauðárkróki og stóðu sig að sjálfsögðu vel.
- Í byrjun ágúst var Faxaflóasundið þreytt í fínu veðri.
- A-hópur fór til Þorlákshafnar í æfingabúðir í byrjun tímabilsins.
- Um miðjan september fóru Höfrungar og C til Bolungarvíkur og kepptu þar á Vestfjarðamótinu. Afar vel var tekið á móti okkar fólki og árangur helgarinnar var góður, bæði í laug og utan.
- Í lok september tókum við þátt í Sprengimótinu á Akureyri með elstu tvo hópana.
- Elsti hópurinn tók þátt í Cheeriosmót SH í október. Þar setti Inga Elín tvö Íslandsmet stúlkna, í 800 metra skriðsundi og 400 metra fjórsundi og náði um leið lágmarki á Evrópumeistaramótið í sundi.
- Höfrungar og C tóku þátt í Fjölismótinu 30. okt – 1. nóvember en mótið var haldið til minningar um Ólaf Þór Gunnlaugsson sundþjálfara sem lést um aldur fram á árinu.
- Landsbankamótið var haldið 6. nóvember í Bjarnalaug fyrir 10 ára og yngri.
- 17. nóvember var uppskeruhátíðin og pastakvöldið haldin saman. Sundmaður ársins var valinn Inga Elín Cryer, Salome Jónsdóttir var valinn sá efnilegasti og Birgir Viktor Hannesson, besti félaginn.
- Sundfélag Akraness sendi frækinn 13 manna hóp á Íslandsmeistaramótið í sundi í 25 metra laug 19. – 22. nóvember. Árangur sundmannanna var frábær og komu þeir heim með þrjá Íslandsmeistaratitla, 7 silfurverðlaun og fern bronsverðlaun. Um leið settu sundmennirnir 6 Íslandsmet í stúlkna- og telpnaflokki auk 28 Akranesmeta. Bestum árangri Skagamanna náði Inga Elín Cryer sem varð Íslandsmeistari í 400 metra fjórsundi og 200 metra flugsundi og sló þrisvar sinnum Íslandsmet í stúlknafllokki. Salome Jónsdóttir átti einnig frábært mót, setti þrisvar sinnum íslensk telpnamet og náði í þrenn silfurverðlaun. Hrafn Traustason var einnig sterkur að vanda og skilaði Íslandsmeistaratitli í 200 metra fjórsundi.

- Eftir ÍM 25 voru þau Birgir Viktor Hannesson og Lea Hrund Guðjónsdóttir valin í landslið Íslands sem keppti í Færeyjum 28. nóvember. Hrafn Traustason og Salome Jónsdóttir voru einnig valin í landslið Íslands sem keppti á Nórðurlandameistaramóti unglinga í Bergen 5. og 6. desember.
- 4. – 6. desember var Útvarp Akraness haldið 20. árið. Útvarpið tókst í alla staði mjög vel, góð dagskrá í boði og vel gekk með auglýsingarnar.
- Inga Elín Cryer keppti á Evrópumeistaramótinu 10. – 14. desember og setti sitt annað Íslandmet í kvennaflokki í 400 metra fjórsundi.
- Inga Elín Cryer var útnefnd sundmaður ársins og í kjöri Íþróttamanns Akranes varð hún í öðru sæti
- 30. desember var haldið lítið metamót í Bjarnalaug og nokkur gömul 12,5 metra met slegin. Þó var ljóst að þeir „gömlu“ hafa verið nokkuð sprækir á sínum tíma.
- Bárumótið fór að venju fram í Bjarnalaug í byrjun janúar og tóku tæplega 60 sundmenn á aldrinum 8-12 ára þátt í 50m bringusundi og 50m skriðsundi. Anna Chukwunonso Eze og Sindri Freyr Ísleifsson voru stigahæstu sundmennirnir.
- Á Reykjavík International fóru þeir sundmenn sem náð höfðu lágmörkum. Ágætis árangur náðist á þessu sterka móti.
- Við sendum að venju stóran hóp á Gullmót KR dagana sem haldið var 12.-14. febrúar. Við náðum frábærum árangri og áttum marga keppendur meðal þeirra stigahæstu og í Super Challenge.
- 16. febrúar kom til okkar hópur sundmanna frá Turku og æfði með okkur í eina viku. Síðustu tvo dagana var æft í Reykjanesbæ.
- Sundmót Fjöltnis var haldið helgina 5.-6. mars. Þar kepptu 14 ára og yngri og voru að skila miklum bætingum.

Ýmislegt fleira hefur verið gert en verður ekki talið upp hér.

Æfingaaðstaðan er óbreytt en nokkuð hefur þrengt að sundhópunum. Yngri hóparnir eru í Bjarnalaug þar sem ásókn frá öðrum sundiðkendum hefur aukist og þrír elstu hóparnir eru í Jaðarsbakkalaug en þar hefur opnunartími verið stytur, sem þó kemur helst niður á Görpum sem nýta bæði Jaðarsbakkalaug og Bjarnalaug. Það er þó varla hægt að fjölga mikið í hópum en alls æfa um 250 manns hjá Sundfélagi Akraness.

Fjárafánir hafa verið með svipuðu sniði og mörg undanfarin ár, Akranesleikarnir, Útvarp Akranes, rekstur ljósabekkja, kleinusala, Faxaflóasund, krónusund, útburður, íbúðaðrif og ýmislegt fleira sem til fellur. Þá hefur myndarlegur styrkur Akraneskaupstaðar til íþróttafélaganna vegna þjálfunar barna og ungmenna verið félaginu mikilvægur. Viljum við þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum, sem lagt hafa félaginu lið.

Fjárhagur félagsins var með ágætum á síðasta ári og hagnaður um 1.260.000 kr. án þess að gjöld hafi verið

hækkuð en það er viðsnúningur uppá um 2,5 milljónir. Útlitið er ágætt fyrir næsta rekstrarár en það er nokkur kúnst að reka félagið sem næst núllinu og lítið má útaf bera. Stefna ársins er að bæta örlítið við eignir félagsins en þó haga málum þannig að þátttaka í starfi Sundfélags Akraness verði sem ódýrust fyrir iðkendur.

Sundfélag Akraness er öflugt félag og með metnað til að slást við félög frá stærri sveitarfélögum. Því hefur afreksstefna verið mjög rík í félaginu en nokkuð hefur borið á því að undanförunu að afreksstefnan og starf fyrir þá sem meira huga að eigin framförum og góðum félagsskap, eru að rekast á. Það verður því eitt af stóru verkefnum næsta árs að stilla strengi félagsins þannig að gott rými verði fyrir afreksmenn sem og þá sem einbeita sér að öðrum verkefnum í lífinu og finnst líka gaman að synda.

F.h. stjórnar SA 2009-2010

Gunnar H Kristinsson, formaður

Ungmennafélagið Skipaskagi

Stjórn félagsins skipa þau, Anna Bjarnadóttir formaður, Skafti Steinólfsson gjaldkeri, Anna M Ólafsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru þær Kristín Guðjónsdóttir og Rut Hjartardóttir. Skoðunarmaður reikninga er Rósa Albertsdóttir.

Á miðju ári gerðist það að ritari félagsins Anna Ólafsdóttir flutti erlendis.

Frjálssar íþróttir:

Í lok janúar tók Uchechukwu Michael við þjálfuninni. Hann þjálfaði allt árið 2009 við góðan orðstír.

Mót sem farið var á:

Innanfélagsmót var haldið 15 mars og var keppt í spretthlaupum, stökkum og köstum.

17. maí var haldið boðsmót þar sem USK bauð til sín félögum úr UMSB og Aftureldingu og voru keppendur um 30 talsins.

Goggi galvaski var í lok júní í Mosfellsbæ.

